



## Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku

**Í lestri hann er [laŋkyr] og ber  
en í tali frekar [straunkyr] og þver**

Um vestfirskan einhljóðaframburð

Daníel Þór Heimisson

**Leiðbeinandi: Einar Freyr Sigurðsson  
Júní 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

**Í lestri hann er [laŋkyr] og ber  
en í tali frekar [straunkyr] og þver**

*Um vestfirskan einhljóðaframburð*

Ritgerð til B.A.-prófs

Daníel Þór Heimisson

Kt.: 111096-3099

Leiðbeinandi: Einar Freyr Sigurðsson

Júní 2019

## Ágrip

Vestfirskur einhljóðaframburður er aðalviðfangsefni ritgerðarinnar. Framburður fólks úr Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum sem tók þátt í Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN) og síðar í Rannsókn á málbreytingum í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN) er skoðaður. Meginathugun felst í því að kanna hvort einstaklingar geti breytt framburði sínum eftir því hvaða rannsóknaraðferðum væri beitt. Í RÍN og RAUN voru notaðar tvær aðferðir til að kanna framburð. Önnur aðferðin snerist um að lýsa myndum sem málhöfunum voru sýndar, en á myndunum voru hlutir þar sem mismunandi framburðareinkenna var að vænta. Hin aðferðin var svokölluð lestraraðferð, en þá eru málhafar látnir lesa texta. Þegar kannað er hvort málhafar geti breytt máli sínu við mismunandi aðstæður þarf að huga að innri breytileika máls.

Mismunandi rannsóknaraðferðir geta kallað á mismunandi aðstæður. Þegar lestraraðferð er notuð er því haldið fram að málhafar geti í einhverjum skilningi áttað sig á því að verið sé að rannsaka þá. Þegar málhafinn er meðvitaður um að verið sé að rannsaka hann eru konur ólíklegri en karlar til þess að nota framburðinn sem nýtur minni virðingar. Viðhorf karla til framburðar, sem er sérkennandi fyrir heimahérað þeirra, eru almennt jákvæðari en viðhorf kvenna og því ættu karlar að nota framburðinn í meira mæli en konur þegar þeir eru meðvitaðri um að verið sé að kanna framburð þeirra.

Meginniðurstöður þessarar ritgerðar eru þær að karlar nota framburðinn í mun meira mæli en konur þegar notast er við lestraraðferð, en þennan sama mun er ekki að finna í hinum svokallaða eðlilega framburði. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að aldur málhafa skipti miklu máli. Eldri málhafar voru mun líklegri til þess að ýkja framburð sinn í lestri en í tali. Mesti munurinn var hjá eldri körlunum en minnsta muninn var að finna hjá yngri konunum.

## **Sérstakar þakkir**

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Einari Frey Sigurðssyni, fyrir mjög mikla aðstoð sem hann veitti mér í gegnum þessi ritgerðarskrif. Einnig langar mig að þakka Höskuldi Þráinssyni fyrir að veita mér aðgang að öllum þeim gögnum sem ég bað um að fá fyrir rannsókn mína. Margréti Guðmundsdóttur og Heimi Má Péturssyni þakka ég einnig fyrir gott spjall. Vini mínum Guðlaugi Þór Brandssyni vil ég færa mínar mestu þakkir, ef ekki hefði verið fyrir hann væri ég sennilega enn að bægslast við að reikna út meðaleinkunnir málhafanna í Excel, það voru algjör forréttindi fyrir mig að fá að vera með þér í þessu námi sem við náðum að tvinna svona líka ágætlega saman.

# Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Sérstakar þakkir .....	2
1 Inngangur.....	5
2 Framburðarmállýskur og mállýskurannsóknir.....	8
2.1 Staðbundnar framburðarmállýskur á Íslandi .....	9
2.2 Félagslegar framburðarmállýskur.....	10
2.3 Mállýskurannsóknir á Íslandi .....	13
2.3.1 Rannsókn Björns Guðfinnssonar .....	13
2.3.2 Rannsókn á íslensku nútímamáli .....	16
2.3.3 Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð.....	18
3 Vestfirskur einhljóðaframburður .....	21
3.1 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í rannsókn BG.....	22
3.2 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í RÍN .....	23
3.3 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í RAUN.....	25
3.4 Samantekt .....	27
4 Aðferðir við rannsóknir á framburðarmállýskum.....	29
4.1 Samtalsaðferð .....	29
4.2 Lestraraðferð.....	29
4.3 Kalla mállýskumyndir fram eðlilegan framburð? .....	32
4.4 Samantekt .....	34
5 Viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar .....	35
5.1 Viðhorf Björns Guðfinnssonar .....	35
5.2 Viðhorf til framburðar .....	36
5.3 Samsömun við heimahérað?.....	39
6 Rannsóknin.....	41
6.1 Inngangur.....	41
6.2 Er munur á notkun einhljóðaframburðarins í <i>Mola litla</i> og mállýskumyndunum? .....	42

6.3	Skiptir kyn máli? .....	44
6.4	Skiptir aldur máli? .....	46
6.5	Samantekt .....	49
7	Lokaorð.....	50
	Heimildaskrá.....	52
	Viðauki .....	54

# 1 Inngangur

Þó svo að flestir velti því ekki mikið fyrir sér hvernig Akureyringar bera fram orðið *Akureyri* með sínu harðmæli eða hvernig Vestfirðingar fari með vísuna um *Svanga Manga sem gekk fram á langa tanga*, þá hafa nú verið gerðar margvíslegar rannsóknir á því hvernig framburður fólks getur verið ólíkur. Í þessu sambandi er gjarnan talað um mismunandi framburðarmállýskur. Sú framburðarmállýska sem er til umræðu í þessari ritgerð er sú sem kennd er við Vestfirði, hin svokallaða vestfirska. Vestfirskan geymir m.a. það framburðareinkenni sem verður gert að meginumfjöllunarefni þessarar ritgerðar, en það er vestfirskur einhljóðaframburður.

Í fyrstu skipulegu mállýskurannsókninni sem gerð var á Íslandi, sem Björn Guðfinnsson framkvæmdi á árunum 1940–1946, kom í ljós að vestfirskur einhljóðaframburður stóð styrkum fótum í Ísafjarðarsýslum og nánast á öllum Vestfjörðum. Hins vegar hafði verulega hallað undan fæti þegar næsta rannsókn var framkvæmd um það bil fjörutíu árum síðar, en hún hét Rannsókn á íslensku nútímamáli. Í henni kom í ljós að framburðurinn hafði látið mjög undan síga og gætti langmest meðal eldra fólks. Árin 2010–2012 var aftur farið og rætt við sumt af fólkinu sem rannsakað hafði verið áður og enn gáð hvernig staða framburðarins væri. Sú rannsókn leiddi það í ljós að þeir sem höfðu framburðinn áður héldu ágætlega í hann enn þá.

Eftir Rannsókn á íslensku nútímamáli athugaði Þóra Björk Hjartardóttir (1997) viðhorf nokkurra Vestfirðinga til vestfirskis einhljóðaframburðar. Niðurstöður hennar voru í stuttu máli þær að karlar sem höfðu jákvæð viðhorf til framburðarins notuðu hann í meira mæli en þeir sem höfðu neikvæð viðhorf, þennan mun var ekki að sjá meðal kvenna. Almenn höfðu karlar oftár jákvæð viðhorf til framburðarins en konur. Ástæðan fyrir því sé sú að karlar samsami sig frekar en konur heimahögum sínum og noti því það mál sem er á einhvern hátt sérkennandi fyrir það samfélag. Þessi athugun Þóru byggist á þeirri frægu rannsókn sem William Labov, einn helsti félagsmálfræðingur seinni ára, gerði á lítilli eyju í norðausturhorni Bandaríkjanna. Á eyjunni var tiltekið staðbundið framburðareinkenni sem virtist vera á miklu undanhaldi, en hafði breyst og var farið að sækja í sig veðrið. Þeir sem notuðu framburðinn voru þeir eyjarskeggjar sem höfðu jákvæð viðhorf til heimabyggðar sinnar og notuðu þeir því framburðinn til þess að sýna öðrum að þeir væru svo sannarlega sannir eyjarskeggjar. Þá gætti þetta mun meira hjá körlum en hjá konum, nákvæmlega eins og Þóra komst að þegar hún kannaði viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar.

Í Rannsókn á íslensku nútímamáli voru tvær aðferðir notaðar til þess að fá fram framburðareinkenni fólks. Annars vegar var fólk beðið um að segja hvað það sæi á myndum sem því var sýnt og hins vegar var það beðið um að lesa texta. Ingólfur Pálmason (1983) komst að því í athugun sinni á framburðarmállýskum að í tilfelli sumra framburðareinkenna ýkir fólk framburð sinn í lestri. Lestraraðferðin gefi því ekki alltaf rétta mynd af eðlilegum framburði einhverra framburðareinkenna. Fólk noti framburðinn einfaldlega mun meira í lestri en þeim er eiginlegt í daglegu tali.

Það að málhafi geti notað ákveðinn framburð í meira mæli í lestri en í sínu daglega tali merkir að mismunandi tilbrigði geta fundist hjá sama málhafanum. Hann getur talað með misjöfnu móti eftir aðstæðum. Hann getur haft einhljóðaframburð en hann getur líka haft tvíhljóðaframburð. Dæmi hafa sýnt það að málhafinn er ekki alltaf samkvæmur sjálfum sér í hvaða valkost hann tekur, hann hefur alltaf val. Hugtakið innri breytileiki kemur þarna við sögu, en þá getur sami málhafi notað tvö mismunandi máltilbrigði. Iris Edda Nowenstein hefur einna mest skrifað um innri breytileika málhafa, en meginathuganir hennar fjalla um setningafræði.<sup>1</sup>

Mismunandi aðferðir við að kanna framburð getur því í einhverjum skilningi kallað fram mismunandi framburð. Þegar fólk les texta getur það orðið meðvitaðra um sitt eigið mál. Ef það hefur alist upp við tiltekna mállýsku og hefur jákvæð viðhorf til hennar getur verið að notkun á henni verði meiri í lesnum textum en í framburði við eðlilegri aðstæður.

Ef karlar hefðu jákvæðari viðhorf til framburðarins en konur eins og Þóra Björk hélt fram og hægt væri að ýkja framburð sinn í lestri eins og Ingólfur Pálmason komst að, myndu karlar því ýkja framburð sinn í lestri meira en konur, þar sem þeir hefðu jákvæðari viðhorf til hans. Varð þetta að megingiltáttu þessarar rannsóknar, þ.e. að karlar myndu nota framburðinn meira í lestri en í tali en þennan sama mun væri ekki að finna hjá konum.

Fór ég því að skoða gögn úr rannsókninni sem framkvæmd var 2010–2012, en þar er um að ræða mjög fáa einstaklinga. Kom það í ljós að þessi munur var til staðar, munur á notkun framburðarins var þónokkur hjá körlunum en engan mun var að finna hjá konunum. Þegar þessi munur birtist fór ég að skoða hvort sama munar væri að vænta í mun stærri rannsókn og þá kom Rannsókn á íslensku nútímamáli til sögunnar og ákvað

---

<sup>1</sup> Sjá Iris Edda Nowenstein. (2014). Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Þágufallshneigð og innri breytileiki. M.A.-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.



ég því að kanna þetta nánar. Fóru því að vakna alls konar spurningar og urðu markmið rannsóknarinnar að reyna að svara eftirfarandi spurningum:

- Er munur á vestfirskum einhljóðaframburði í lestri og í tali?
- Eru karlar líklegri en konur að nota framburðinn meira í lestri en í tali, eða eru einhverjar aðrar breytur sem skipta máli?
- Hvernig eru viðhorfin til vestfirskis einhljóðaframburðar?

Ritgerðin er þannig upp byggð að í öðrum kafla verður fjallað um mállýskur almennt, hvað felst í orðinu og greint frá ákveðnum staðbundnum framburðarmállýskum á Íslandi sem og félagslegum. Þá verður einnig fjallað um nokkrar mállýskurannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi í áranna rás. Í þriðja kafla verður fjallað um vestfirskan einhljóðaframburð, hvernig hann lýsir sér og hver staða hans var í mismunandi rannsóknum. Fjórði kafla fjallar þá um mismunandi aðferðir sem menn beita gjarnan í framburðarmállýskurannsóknum, en munurinn á þessum mismunandi aðferðum er einmitt meginþema ritgerðarinnar. Í fimmta kafla verður nokkuð fjallað um viðhorf og hvaða viðhorf fólk hefur til vestfirskis einhljóðaframburðar. Tekin verða dæmi úr viðhorfsrannsóknum sem hafa verið framkvæmdar og einnig viðtal við málhafa sem hefur vestfirskan einhljóðaframburð í sínu máli, Heimi Má Pétursson. Í sjötta kaflanum verða niðurstöður rannsóknarinnar birtar og í sjöunda kafla verður rannsóknarspurningum svarað, auk þess verður ritgerðin tekin saman í nokkrum lokaorðum.

## 2 Framburðarmállýskur og mállýskurannsóknir

Þó að menn tali sama tungumálið, hvort sem það er íslenska, danska eða eitthvert annað mál, getur verið talsverður munur á málfari einstaklinga. Þessi munur getur stafað af ýmsu. Tiltekið afbrigði getur verið bundið við sérstakt landsvæði. Einnig getur tiltekið afbrigði komið til vegna þjóðfélagshóps sem menn tilheyra. Málsérkennin geta stundum verið einstaklingsbundin en þó er það oftast þannig að menn flokkist í stærri hópa eftir málfari og skiptir þá búsetan oftast máli.

Breytileiki í máli skiptist svo niður í fjóra meginflokka (Kristján Árnason, 2005, bls. 365). Í fyrsta lagi getur verið breytileiki í orðavali fólks, langflestir nota orðið *bjúga* yfir kjötpylsur en þó nota sumir orð eins og *sperðill* sem finnst t.d. á Norðurlandi, *grjúpán*, *langi* o.s.frv. Þá getur kyn orða verið mismunandi eftir landshlutum og þá verður beygingin um leið einnig öðruvísi. Dæmi um slíkt er nöfnin á spilunum fimm til sjö. Einhverjir beygja orðin í kvenkyni og er það líklega algengast, þá er sagt *fimman*, *sexan* og *sjöan*, en aðrir nota þá hvorugkynið og segja *fimmið*, *sexið* og *sjöið* (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001, bls. 2). Í þriðja lagi er talað um að menn geti tileinkað sér mismunandi reglur hvað varðar formgerð setninga. Á Ólafsfirði og Siglufirði segja menn gjarnan „Þetta er bíllinn mömmu“ í stað þess að segja eins og flestir „Þetta er bíllinn hennar mömmu“ (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001, bls. 2). Fjórða gerðin af breytileika er svo munurinn sem kemur fram í framburði fólks. Flestir kannast líklega við hvernig Akureyringar bera fram orðið *Akureyri* öðruvísi en fólk t.d. frá Suðurlandi. Munurinn felst í lokhljóðinu [k] sem kemur á eftir langa sérhljóðinu [a:]. Akureyringar bera þá lokhljóðið með fráblæstri [k<sup>h</sup>] og eru þeir sem slíkan framburð hafa gjarnan sagðir vera harðmæltir. Þeir sem ekki hafa þennan framburð, eins og flestallir Sunnlendingar, bera orðin fram með ófráblásnu lokhljóði [k] og eru sagðir vera linnmæltir. Þessi breytileiki, þ.e.a.s. munur á framburði fólks verður hér til umræðu.

Munur á framburði í íslensku er þó minni en í flestum nágrennalöndum okkar. Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason (2000, bls. 153) nefna að menn hafi meira að segja gengið svo langt að segja að héraendis séu engar mállýskur. Það á ekki við rök að styðjast því allmörg dæmi eru til um mállýskubundinn framburð. Hins vegar er það rétt að munur á framburði er talsvert minni hér á landi en t.d. í Noregi, en norskan inniheldur aragrúa mállýskna. Ástæðan fyrir því hversu lítill munur er á framburði eftir landsvæðum

á Íslandi er ekki alveg ljós.<sup>2</sup> Ísland var mjög einangrað land á fyrri öldum og þessi einangrun ætti því að vera kjörin fyrir mikinn mun á mállýskum. Munurinn er samt ekki mikill en þó eru til nokkur dæmi um framburðarmállýskur á Íslandi sem verða skoðuð í næsta undirkafla.

## 2.1 Staðbundnar framburðarmállýskur á Íslandi

Staðbundnar framburðarmállýskur eru nokkrar á Íslandi. Þær eru t.d. norðlenska, skaftfellska og vestfirska. Þessar framburðarmállýskur innihalda síðan nokkur framburðareinkenni, til dæmis má sjá fjögur framburðareinkenni í norðlensku sem ekki finnast annars staðar á landinu. Vestfirskan inniheldur svo tvö framburðartilbrigði, sem tengja má einungis við Vestfirði, annars vegar vestfirska einhljóðaframburðinn og hins vegar svokallaða vestfirska áherslu.

Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson (2000, bls. 154-155) hafa tekið saman þau framburðareinkenni sem hafa verið flokkuð sem staðbundin mállýskuatriði í íslensku, sjá (1). Taka skal fram að þetta er gert með nokkurri einföldun. Til dæmis er *bð*- og *gð*-framburð að finna utan Norðurlands og svo teygir *hv*-framburður sig til mun stærra svæðis en einungis í Skaftafellssýslum. Í þessari ritgerð verður ekki fjallað nánar um þessi framburðareinkenni nema um vestfirskan einhljóðaframburð að sjálfsögðu.

- (1) a. harðmæli (norðlenska)
- b. raddaður framburður (norðlenska)
- c. *ngl*-framburður (norðlenska)
- d. *bð*- og *gð*-framburður (norðlenska)
- e. *hv*-framburður (skaftfellska)
- f. skaftfellskur einhljóðaframburður (skaftfellska)
- g. *rn*- og *rl*-framburður (skaftfellska)
- h. vestfirskur einhljóðaframburður (vestfirska)
- i. vestfirsk áhersla (vestfirska)

Framburðareinkennin í (1) eru í öllum tilvikum minnihlutaframburður. Hinn dæmigerði Meðal-Reykvíkingur ætti því ekki að hafa nein þessara einkenna í framburði sínum. Þrátt

---

<sup>2</sup> Helgi Guðmundsson (1977) tók saman þau atriði sem kunna að hafa áhrif á hvers vegna lítill munur er á mállýskum á Íslandi.

fyrir það má áreiðanlega finna flest ef ekki öll minnihlutaafbrigði í Reykjavík, ef vel er að gáð. Þess vegna ber að taka þessa svokölluðu hefðbundnu landsvæðaskiptingu helst ekki of hátíðlega. Það er ekki hægt að fullyrða að allir í einhverjum tilteknum landshluta hafi sama framburð. En hins vegar eru ákveðin framburðareinkenni yfirleitt útbreiddust og mest áberandi á einhverju tilteknu landsvæði. Það er þegar átt er við að mállýskur séu tengdar ákveðnum landsvæðum. Eiríkur Rögnvaldsson (2013, bls. 87) heldur því fram að fólksflutningar milli landsvæða og ferðalög manna innanlands hafi stóraukist og þannig kynnist menn öðrum mállýskum. Einnig telur hann að sjónvarp og útvarp hafi haft mikil áhrif á þetta. Menn heyra kannski annan framburð en þann sem þeir heyra oftast á sínu landsvæði og breyta því e.t.v. framburði sínum með tímanum. Margrét Lára Höskuldsdóttir (2013) hefur kannað breytingar á framburði á lífsleiðinni og komist að því að málhafar geta breytt framburði sínum þegar þeir eldast.

## 2.2 Félagslegar framburðarmállýskur

Félagsbundnar mállýskur snúast fyrst og fremst um samspil máls og samfélags. Allir þeir sem hafa eðlilegt vald á tungumálinu geta beitt tungumálinu á mismunandi máta eftir aðstæðum. Þá er gjarnan talað um að menn beiti ólíku málsniði. Málhafi getur talað á allt annan máta við vini sína en þegar hann talar við yfirmenn sína á alvarlegum fundi. Hann getur notað öðruvísi orð, mismunandi orðalag og talað mun óskýrara. Á fundinum vandar hann sig, notar önnur orð og talar skýrar en hann myndi gera þegar hann talar við vini sína.

Í sumum löndum í heiminum má sjá mikinn mun á því hvernig fólk talar eftir því hvaða stétt það tilheyrir. Mállýskurnar geta því verið stéttskiptar. Á Íslandi finnst þessi munur ekki svo vitað sé, þ.e.a.s. það finnst ekki munur á framburði fólks eftir því hvaða stétt viðkomandi tilheyrir. Stundum er hægt að greina hvaðan af landinu málhafi kemur eftir því hvernig hann talar. Til dæmis ef við heyrum mann segja orðið *langur* með einhljóði, [laŋkʏr], en ekki með tvíhljóði, [laʊŋkʏr], er líklegt að hann búi á Vestfjörðum eða sé ættaður þaðan enda er einhljóðaframburður þessi kenndur við Vestfirði. Á Íslandi ríkir frekar lítil stéttaskipting og því er auðvelt að segja að það ríki enginn munur á framburði eftir stéttarstöðu fólks. Hins vegar ættu aðrar breytur, t.d. aldur og kyn, að geta haft einhver áhrif (Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason, 2000, bls. 182-184).

Til eru nokkur dæmi sem sýna að aldur geti haft veruleg áhrif á málfar fólks. Í máli ungra er oft að finna nýjungar í málinu en meðal þeirra eldri er oft að finna leifar af framburðarmállýskum sem eru á hröðu undanhaldi. Dæmi þessu til stuðnings má nefna

*ks*-framburð.<sup>3</sup> Það sem einkennir þann framburð er að á undan [s] í orðum eins og *buxur*, *kex* og *bakstur* er borið fram lokhljóð, [k], í staðinn fyrir öngljóð, [x]. Ekki er vitað með vissu hvenær þessi framburður varð til, en samkvæmt Rannsókn á íslensku nútímamáli virðist þessi framburður vera langalgengastur meðal ungra málnotenda. Þeir sem eldri eru voru mun líklegri til þess að varðveita öngljóðaframburðinn. Hins vegar var ekki hægt að segja að munurinn hafi verið landshlutabundinn (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013, bls. 90).

*rn*- og *rl*-framburður er svo dæmi þar sem eldri málhafarnir varðveita leifar af framburðarmállýskum sem eru á undanhaldi. Þessi framburður er nú nánast horfinn. Hann varðveittist lengst í Austur-Skaftafellssýslu og þá einungis hjá eldra fólki.

Það er því nokkuð auðvelt að segja að aldur geti verið ein breyta sem lýsir mun á framburði milli hópa líkt og landsvæði. Sá sem hefur öngljóð á undan [s] er því líklega orðinn fullorðinn. Þá vaknar næst sú spurning hvort það geti verið einhver munur á framburði með tilliti til kynjanna. Eru einhverjar mállýskur sem karlar nota fremur en konur eða öfugt?

Þegar skoðaður er málframsmunur á kynjunum þarf að velja ýmsu fyrir sér. Það sem menn hafa komist að er það að konur noti fremur það mál sem telst njóta meiri virðingar í samfélaginu heldur en karlar. Félagsmálfræðingurinn William Labov var meðal þeirra fyrstu sem rannsökuðu málbreytingar með tilliti til kynja. Hann setti fram lögmál, sjá (2), þar sem þessum mun var lýst.<sup>4</sup>

- (2) (I) Þegar um er að ræða stöðuga breyту m.t.t. félagsbreytu nota karlar frekar en konur mál sem telst ekki til staðalmáls.
- (II) Í meirihluta málbreytinga nota konur frekar nýja tilbrigðið en karlar.

Labov setti einnig fram lögmál Ia. Í því kemur fram að þegar um er að ræða breytingu að ofan þá séu konur líklegri til þess að nota nýjungina en karlar. Málbreytingar geta verið bæði að ofan og neðan, munurinn liggur í því hversu meðvitaðir málhafar eru. Við málbreytingu að ofan eru málhafar að nokkru leyti meðvitaðir um hana.

William Labov athugaði mismunandi rannsóknaraðferðir eftir því hversu mikið fólk var meðvitað um framburð sinn. Hann skipti aðferðunum í fernt: eðlilegan framburð

---

<sup>3</sup> Kristján Friðbjörnsson (2012) kannaði þennan framburð í lokaritgerð sinni.

<sup>4</sup> Þýðingin er fengin af dreifblaði Einars Freys Sigurðssonar í námskeiðinu Breytingum og tilbrigðum á haustmisseri 2018. Upprunaleg framsetning Labovs (1990, bls. 205-206) hljóðar svo:

(I) In stable sociolinguistic stratification, men use a higher frequency of nonstandard forms than women.  
(II) In the majority of linguistic changes, women use a higher frequency of the incoming forms than men.

(e. *casual speech*), varfærnislegan framburð (e. *careful speech*), lestraraðferð (e. *reading style*) og orðalista (e. *word lists*).<sup>5</sup> Labov (2006, bls. 58-60) bendir á að mikilvægt er að notast við fleiri en eina aðferð þegar kanna á framburð málhafa. Ef fleiri en einni aðferð er notuð á sama málhafann er hægt að sjá hvort framburður hans breytist við mismunandi aðstæður. Í þessu sambandi skulum við skoða eðlilegan framburð og lestraraðferðina.

Labov kannaði framburð á *th* í orðum eins og *thing* og *three*. Framburðurinn getur verið þrenns konar, [t], [tθ] og [θ]. Hann taldi síðastnefnda framburðinn njóta mestrar virðingar en þann fyrsta minnstrar. Því næst skipti hann þátttakendum niður í hópa eftir stéttum, í efri og neðri stéttir. Í eðlilegum framburði, þegar þátttakendur eru lítið meðvitaðir um að verið sé að kanna þá, var framburðurinn sem þótti njóta hvað mestrar virðingar langalgengastur meðal fólks í efri stéttum, fólk í neðri stéttum var þá með framburðinn sem naut lítillar virðingar í mjög miklum mæli. Þegar lestraraðferðin var skoðuð kom í ljós að munurinn var ekki eins mikill. Efri stéttirnar voru enn mest með framburðinn sem naut mikillar virðingar en þeir sem voru í neðri stéttunum höfðu mun oftast framburðinn [t] en í eðlilega framburðinum. Þeir voru því orðnir meðvitaðir að einhverju leyti að verið væri að kanna þá og notuðu framburðinn sem naut mestrar virðingar í auknum mæli (Wardhaugh, 2006, bls. 167-169).

Lögmál Labovs Ia hjálpar okkur að skilja betur þegar fólk er meðvitað um að verið sé að rannsaka það, þá getur það breytt framburði sínum. Ef fólk er meðvitað um að verið sé að rannsaka það eru konur líklegri til þess að taka upp nýjungarnar en karlar. Lögmál Labovs Ia er einmitt dæmigert fyrir það þegar fólk hverfur frá dreifbýlisframburði sínum. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1984) athugaði þetta í B.A.-ritgerð sinni, hvort munur væri á kynjum þegar fólk flyst burt frá landsvæði sínu. Guðvarður kannaði skaftfellskan einhljóðaframburð og notaði gögn úr RÍN. Niðurstöður hans voru á þá leið að konur glötuðu framburðinum í mun meira mæli en karlar eftir að hafa flust brott frá heimahögum sínum og því málumhverfi sem þær ólust upp við. Konurnar breyttu framburði sínum mun meira í átt til framburðar umhverfisins en karlarnir.

Eins og Labov hélt fram, þá myndu konur nota það mál sem nyti meiri virðingar í samfélaginu en karlar. Hérlandis er ekki auðvelt að greina hvaða mál nýtur mestrar virðingar, því eins og áður hefur komið fram eru tæpast til neinar stéttarmállýskur eins og

---

<sup>5</sup> Orðalistar sem Labov notar eru ekki eins og mállýskumyndirnar í RÍN og RAUN. Labov hélt því fram að málhafar væru enn meðvitaðri um að verið væri að kanna framburð þeirra með þessum orðalistum en þegar þeir voru látnir lesa texta. Mállýskumyndirnar myndu því ekki flokkast undir orðalista Labov, heldur frekar undir eðlilegan eða varfærnislegan framburð.

í öðrum nágrannatungumálum okkar. Því er frekar að búast við að konur lagi framburð sinn að þeim framburði sem ríkjandi er á því svæði sem þær búa á.

## 2.3 Mállýskurannsóknir á Íslandi

Í þessum undirkafla verður fjallað um nokkrar af þeim mállýskurannsóknum sem gerðar hafa verið á Íslandi. Margt hefur verið skrifað um framburð á íslensku nútímamáli þó svo að rannsóknir í þeim fræðum hafi ekki hafist að neinu marki fyrr en á 20. öld. Fjallað verður um brautryðjendarannsókn Björns Guðfinnssonar (hér eftir BG) en hún var framkvæmd á árumunum 1940–1946. Þá verður fjallað um umfangsmikla rannsókn Höskuldur Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar sem kölluð var Rannsókn á íslensku nútímamáli (hér eftir RÍN). Í lokin verður fjallað um nýlega rannsókn sem gerð var á árunum 2010–2012 og hét hún Rannsókn á málbreytingum í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (hér eftir RAUN).

Þó svo að engin skipuleg rannsókn á mállýskum hafi verið framkvæmd fyrr en á 20. öld má sjá ýmsar athugasemdir fyrri tíðar manna um staðbundið málfar. Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (2001, bls. 2) nefna Árna Magnússon og Pál Vídalín. Þeir hafi á ferðalögum sínum um landið tekið eftir ýmiss konar málfarsmun og nefnir t.d. Árni í því sambandi orð eins og *sunnlenska* og *vestfirska*. Því má gera ráð fyrir því að um 1700 hafi verið munur á framburði eftir landshlutum. Einnig tala Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (2001, bls. 2) um Eggert Ólafsson. Í ritum hans hafi hann gert ýmsar athugasemdir við hljóðasambandið *a-ng*. Það má því segja að snemma hafi menn byrjað að taka eftir mállýskumun á Íslandi eftir landsvæðum. Þar sem lítið var ritað um vestfirskan einhljóðaframburð í mállýskuathugun fyrri ára verður ekki fjallað nánar um þær hér. Ef menn vilja kanna íslenskar mállýskuathuganir frekar er vert að benda á yfirlitsgrein Guðvarðar Más Gunnlaugssonar sem birtist í *Íslensku máli* árið 1987. Næsti undirkafla fjallar þá um allsherjarrannsókn BG.

### 2.3.1 Rannsókn Björns Guðfinnssonar

Árið 1939 var áætlað að auka fé til Ríkisútvarpsins „til málfegrunar“. Þetta fé varð því kveikjan að því að BG hóf allsherjarrannsókn á framburði sumarið 1941. Á þessum árum var meiri áhugi á málverndun og málhreinsun en áður hafði þekkt. Að vísu beindist þetta fyrst og fremst að ritmálinu en þó einnig til talmáls. Ýmsir vildu að settar yrðu reglur um framburð málsins. Þá benti BG á að til þess að koma á einhverjum reglum á framburð

málsins yrði að kanna framburð Íslendinga áður. Það var samþykkt og hóf BG því rannsóknina skömmu síðar (Björn Guðfinnsson, 1946, bls. 82).

Á árunum 1940–1946 framkvæmdi BG allsherjarrannsókn á framburði í íslensku. Tilgangur rannsóknarinnar var þrenns konar. Í fyrsta lagi var ætlað að athuga framburð um allt land, í öðru lagi að athuga útbreiðslu einstakra mállýskna og takmörk þeirra og í þriðja lagi að leitast við að komast eftir þróun einstakra mállýskna (Björn Guðfinnsson, 1946, bls. 83). Með þessu ætlaði BG að hjálpa yfirvöldum að ákveða hvernig framburður ætti að vera, bæði hvernig hann ætti að vera kenndur í skóla og hvernig hann ætti að vera í útvarpi. Þegar rannsóknin var gerð voru engin segulbandstæki komin til sögunnar og því þurfti BG að skrifa niður allar niðurstöður sínar á blað (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2003, bls. 156). BG hefur því þurft mikla einbeitingu við gerð rannsóknarinnar þegar hann hlustaði á málhafana því hann þurfti að merkja við hvaða framburð viðkomandi hafði um leið og málhafinn las. Þannig heyrði hann einungis einu sinni hvert orð og varð að ákveða á stundinni hvaða framburð málhafarnir höfðu.

Rannsókn BG náði að endingu til 10.000 manns eða um það bil til tólfta hvers manns í landinu (Björn Guðfinnsson, 1946, bls. 98), svo umfangsmikil var rannsóknin. Skiptist allsherjarrannsóknin í yfirlitsrannsókn og sérrannsóknir. Hér verður yfirlitsrannsókn BG til umræðu. Hún náði til 6.520 barna og voru þau öll rannsökuð með lestraraðferðinni, nánar um hana í kafla 4.2. Öll börnin í yfirlitsrannsókninni voru á aldrinum 10-13 ára en langflest voru 12 ára. Alls kannaði hann 90% 12 ára gamalla barna á Íslandi. Hlutfall kynja var mjög jafnt, 3.218 drengir og 3.302 telpur. Sumir hafa gagnrýnt rannsóknir BG, segja að hann hefði ekki átt að einblína einungis á börn því börn eru almennt í fræðunum ekki talinn öruggasti heimildahópur við mállýskurannsóknir. Hann hefði því einnig átt að rannsaka eldra fólk (Hreinn Benediktsson, 1961-1962, bls. 75-76).

Hreinn Benediktsson (1961-1962, bls. 81) var einn helsti gagnrýnandinn á rannsókn BG og talaði um hversu mikill óþarfi það var að reyna að ná í hvert einasta barn á þessum aldri. Það hefði alls ekki þurft að ná til svo margra. Hins vegar benda Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (2003, bls. 157) á hversu mikilvægt og jákvætt það var að BG skyldi fara þessa leið því það gerði rannsakendum síðar meir miklu auðveldara fyrir að gera samanburðarrannsókn út frá niðurstöðum BG. Það að BG talaði við slíkan fjölda barna gerði það að verkum að fyrir seinni tíma rannsóknir, eins og RÍN árið 1980, var orðið mun auðveldara að ná til fólksins sem hafði áður verið rannsakað og tala við það aftur og sjá hvort eitthvað hafi breyst.



Eins og áður hefur komið fram þá var rannsókn BG framkvæmd án upptökutækja. Við yfirlitsrannsóknina á börnunum notaðist hann við framburðarspjöld eins og sjá má á mynd 1. BG hlustaði á málhafana og skráði niður hjá sér upplýsingar um þá á spjöldin og merkti hvaða framburð viðkomandi hafði.

III

<u>b</u>	<u>d</u>	<u>g</u>	<u>b</u>	<u>d</u>	<u>g</u>	<u>bð</u>	<u>bð</u>	<u>vd</u>	<u>gð</u>	<u>gð</u>	<u>qd</u>	<u>rð</u>	<u>rð</u>	áng	aung	eing	ánk	<u>i</u>	<u>e</u>	<u>æ</u>	<u>q</u>	<u>þ</u>	<u>j</u>	
<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>vð</u>	<u>vð</u>	<u>vd</u>	<u>qð</u>	<u>qð</u>	<u>qd</u>	<u>rd</u>	<u>rd</u>	ang	æng	öng	eng	ank	<u>u</u>	<u>ö</u>	<u>æ</u>	<u>g</u>	<u>k</u>	<u>d</u>
Önnur hljóðfræðileg atriði:													Ýmis önnur atriði:											
kómm													+ (-)											

Mynd 1: Dæmi um framburðarspjald BG.

Mynd 1 er frá málhafa frá Norður-Ísafjarðarsýslu fengin úr framburðarspjöldum Björns Guðfinnssonar, þarna er hægt að sjá nokkur framburðareinkenni.<sup>6</sup> Hægra megin fyrir miðju í neðri línu má sjá dæmi um vestfirskan einhljóðaframburð (*ang*, *æng*, *öng*, *eng* og *ank*) og í efri línu er tvíhljóðaframburður (*áng*, *aung*, *eing* og *ánk*). Þessi málhafi hefur því haft hreinan einhljóðaframburð á undan *ng* og *nk* þar sem BG strikar undir þann framburð. BG flokkaði hvert framburðareinkenni í þrennt. Ef við notum vestfirska einhljóðaframburðinn sem dæmi þá flokkaði BG málhafana eftir því hvort þeir höfðu hreinan einhljóðaframburð, en þá höfðu málhafar í öllum tilvikum vestfirskan einhljóðaframburð, hreinan tvíhljóðaframburð en þá höfðu málhafar í öllum tilvikum tvíhljóðaframburð og svo flokkaði hann málhafa í blandaðan framburð. Blandaði framburðurinn gat verið margs konar. Ef málhafi hafði einhljóð og tvíhljóð á víxl án einhverrar reglu flokkaðist hann undir blandaðan framburð. Það sama gildir um málhafa sem hafði t.d. alltaf einhljóð á [a] en ekki á [æ]. Þá flokkaði BG málhafa í blandaðan framburð ef þeir höfðu einhljóð í öllum tilvikum nema einu sinni og eins með þá sem höfðu tvíhljóð í öllum tilvikum nema einu sinni. Því er hugtakið blandaður framburður mjög vítt og getur þýtt ansi margt.

<sup>6</sup> Myndin fengin frá Höskuldi Þráinssyni.

Núna er hins vegar komið að því að fjalla um rannsókn sem gerð var um fjórum áratugum seinna og líkt og BG markar hún þáttaskil í rannsóknum á íslenskum framburðarmállyskum.

### 2.3.2 Rannsókn á íslensku nútímamáli

Árið 1980 hófst umfangsmikil rannsókn á íslensku nútímamáli. Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason voru frumkvöðlar og forstöðumenn rannsóknarinnar. Alls voru kannaðir 3.140 einstaklingar og komu þeir alls staðar að af landinu. Farið var í hverja einustu sýslu landsins og ætluðu rannsakendurnir að reyna að ná a.m.k. 100 einstaklingum úr hverri sýslu. Það markmið náðist þó ekki alveg. Í stærri sýslum urðu einstaklingarnir mun fleiri og í fámennum sýslum urðu þátttakendurnir eitthvað færri. Megintilgangur rannsóknarinnar var að komast að hvernig íslenskur framburður væri og hvernig hann hefði þróast síðastliðin 40 ár eða frá því að BG gerði sína rannsókn (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001).

Í RÍN voru þó ekki einungis könnuð börn á aldrinum 10-13 ára eins og BG hafði gert. Í RÍN var þátttakendum skipt niður í fimm hópa eftir aldri. Yngsti hópurinn var 12-20 ára og var það stærsti hópurinn. Þá var hægt að skoða samanburð við sambærilegan hóp í aldri úr rannsókn BG, því krakkarnir sem hann rannsakaði voru á svipuðum aldri á þeim tíma þegar sú rannsókn var gerð og yngsti hópurinn í RÍN. Næst stærsti hópurinn voru einstaklingar á aldrinum 46-55 en það var fólk sem fætt var á svipuðum tíma og krakkarnir í rannsókn BG. Með því að kanna sama fólkið aftur væri hægt að sjá hvort einstaklingar hefðu eitthvað breytt framburði sínum á þessum árum. Þriðji stærsti hópurinn var svo 21-45 ára en elstu tveir þ.e. 56-70 ára og 71 árs og eldri voru fámennastir.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (1992, bls. 95) greina frá fimm mismunandi leiðum sem notaðar voru til þess að fá þátttakendur í rannsóknina. Í fyrsta lagi var einfaldlega bankað upp á hjá fólki, hvort sem það var á sveitabæjum eða í þéttbýli og spurt hvort það væri í lagi að sýna heimafólki nokkrar myndir og spyrja hvað það sæi úr þeim.<sup>7</sup> Önnur aðferðin var sú að rannsakendur höfðu samband að fyrra bragði og spurðu hvort það væri í lagi að koma heim til fólksins og kíkja á myndirnar, þessi aðferð var mest notuð í Reykjavík. Þá heimsóttu rannsakendur einnig stóra vinnustaði og spurðu yfirmenn hvort það væri í lagi að taka viðtöl við starfsmenn. Einnig var farið á

---

<sup>7</sup> Þessi aðferð var mun heppilegri á landsbyggðinni en í Reykjavík, í Reykjavík virkaði hún alls ekki.

dvalarheimili og leyfi fengið til að tala við vistmenn og starfsfólk. Síðasta aðferðin var þannig að farið var í skóla og fengið leyfi til þess að tala við nemendur.

Í RÍN var notast við tvær aðferðir, annars vegar voru lesnir textar eins og í rannsókn BG og hins vegar voru svokallaðar mállýskumyndir notaðar. Ávallt var lögð mikil áhersla á myndirnar. Rannsakendur greindu aldrei frá því að þeir væru að kanna framburð einstaklinga. Að fá að heyra hvað fólk sæi á myndunum var gert að aðalefni könnunarinnar. Áherslan var sem sagt frekar að fá fólk til þess að hugsa um mismunandi orðanotkun myndarinnar en ekki hvernig einstaklingurinn bæri viðkomandi orð fram. Þannig ætti einstaklingurinn ekki að átta sig á því að verið væri að kanna framburð hans, heldur skapa einhverja umræðu um hvaða orð viðkomandi hafði á viðkomandi hlut. *Mynd 2* sýnir hlut sem notaður var í RÍN.<sup>8</sup>



*Mynd 2: Dæmi um mállýskumynd úr RÍN.*

Á mynd 2 var t.d. málfafinn spurður hvað þetta fyrirbæri væri. Ef hann svaraði að þetta væri björn var reynt að fá hann til þess að hugsa um eitthvað annað orð. Ef málfafinn sagði bangsi, var hægt að athuga hvort hann hefði einhljóð eða tvíhljóð í því orði. Í öllum viðtölum var byrjað á þessum svokölluðu mállýskumyndum.

Þegar myndirnar voru búnar var málfafinn spurður hvort hann væri til í lesa textabút svona rétt í lokin. Var látið eins og það væri algjört aukaatriði til þess að málfafinn væri afslappaður. Aldrei töluðu rannsakendur um að þeir væru áhugasamir um framburð málfafanna (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992, bls. 95-96).

Einn mesti munur á rannsóknunum tveimur, þ.e. rannsókn BG og RÍN, er hvernig unnið var úr niðurstöðum. Eins og áður hefur komið fram þá skipti BG málhöfunum niður

---

<sup>8</sup> Myndin er fengin úr möppu sem geymir þær myndir sem notaðar voru í RÍN.

í þrennt, hreinan framburð, blandaðan framburð og engan framburð.<sup>9</sup> Hins vegar var allt önnur aðferð notuð í RÍN. Þar voru gefnar einkunnir fyrir hvert orð sem var hluti af rannsókninni. Segjum sem svo að það séu sjö orð í texta eða í viðtali sem innihalda orð þar sem vestfirskan einhljóðaframburð væri að finna. Ef einstaklingur hefði einhljóð tvisvar sinnum en tvíhljóð fimm sinnum, fengi hann einkunnina 129. Fyrir hvert einhljóð sem hann hafði fékk hann einkunnina 200 og fyrir hvert tvíhljóð fékk hann einkunnina 100. Jafnan lítur því einhvern veginn svona út:  $(100*5 + 200*2)/7 = 129$ . Ef einstaklingur hafði alltaf einhljóð á öllum sjö orðunum fékk hann einkunnina 200:  $(200*7)/7$ . Og loks ef einstaklingur hafði alltaf tvíhljóð í orðunum sjö fékk hann einkunnina 100:  $(100*7)/7$ . Allir einstaklingarnir fengu hver sína einkunn og fundin út meðaltöl eftir sýslum, kyni, aldri og þ.u.l. (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992, bls. 96).

Í rannsókn BG og RÍN voru ekki notaðar sömu rannsóknaraðferðir. BG notaði aðeins lestraraðferð á börn í yfirlitsrannsókn sinni en RÍN studdist einnig við mállýskumyndirnar eins og áður hefur verið lýst. Nánar verður vikið að mismunandi rannsóknaraðferðum sem notast er við í framburðarmállýskurannsóknnum í kafla fjögur. Í næsta undirkafla verður fjallað um RAUN-rannsóknina svokölluðu.

### **2.3.3 Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð**

Árið 2010 hófst rannsókn sem var framhaldsrannsókn af bæði RÍN-rannsókninni og rannsókninni Tilbrigði í setningagerð, þessi rannsókn kallaðist Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð eða RAUN. Hér verður þó aðeins fjallað um þann hluta er lýtur að hljóðkerfisfræðinni. Með þessari rannsókn var ætlað að kanna málbreytingar. Höskuldur Þráinsson o.fl. (2013) segja að mál geti breyst á tvenna vegu. Einstaklingur getur breytt máli sínu í áranna rás en einnig getur mál breyst þannig að nýjar kynslóðir tileinka sér málið á annan hátt en þeir sem eldri eru og því breytist málið.

Þegar kanna á hvort málbreyting sé að eiga sér stað er hægt að framkvæma rauntímarannsókn. Það felur í sér að gera sams konar rannsókn og áður hefur verið gert, á sama málsamfélagi og kanna sams konar kynslóðir eða kanna sömu einstaklingana. Gott dæmi um þetta er einmitt RAUN-rannsóknin. Með RAUN var hægt að sjá hvort einstaklingar hefði breytt máli sínu eitthvað eftir því sem árin liðu frá RÍN eða hvort svipaðar kynslóðir, eins og t.d. unglingar hefðu breyst eitthvað frá því hvernig unglingar töluðu í RÍN.

---

<sup>9</sup> „Enginn framburður“ getur t.d. merkt tvíhljóðaframburð ef verið var að kanna vestfirskan einhljóðaframburð.

Í rauntímarannsóknum þarf að huga að tvenns konar aðferðum. Annars vegar er hægt að framkvæma stefnurannsókn, en í henni eru sömu kynslóðirnar rannsakaðar aftur og hins vegar er hægt að framkvæma hóprannsókn en þegar slík rannsókn er framkvæmd eru sömu einstaklingarnir rannsakaðir aftur. Bæði RÍN og RAUN geta talist sem stefnurannsóknir og hóprannsóknir. Í RAUN voru rannsakaðir unglingar sem voru á sama aldri og unglingar í RÍN og því er það stefnurannsókn. Með því var hægt að skoða hvert málbreytingin stefndi ef um málbreytingu var að ræða. RAUN var einnig hóprannsókn því reynt var að kanna sömu einstaklingana og höfðu áður tekið þátt í RÍN. Þá var hægt að skoða hvort og þá hvernig mál þeirra hefði breyst í gegnum árin (Höskuldur Þráinsson, 2011, glæra 16).

Áætlað var að rannsaka allt að 880 einstaklinga í RAUN. Af þeim átti að ræða við a.m.k. 200 af þeim sem bæði höfðu verið rannsakaðir í rannsókn BG og í RÍN, þá í þriðja sinn. Einnig átti að rannsaka aftur þá sem höfðu verið rannsakaðir hjá BG en ekki í RÍN, þá í annað sinn. Þá átti að rannsaka aftur þá sem höfðu tekið þátt í RÍN þegar þeir voru ungir, þá í annað sinn og einnig átti að rannsaka nýjan hóp unglunga sem væri þá samanburðarhópur (Höskuldur Þráinsson 2011, glæra 27). Á mynd 3 (Höskuldur Þráinsson 2011, glæra 28) má sjá yfirlit um hvaða þátttakendur voru í RAUN og hversu oft þeir hafa verið rannsakaðir.

	1940+	1980+	2019+
unglingar	BG	RÍN	RAUN
fólk á aldrinum 40-55		RÍN	RAUN
fólk á aldrinum 55-70		RÍN	RAUN
fólk um 80 ára		RÍN	RAUN

Mynd 3: Yfirlit sem sýnir hvaðan þátttakendur í RAUN koma.

Hér sést að einn hópurinn (rauði) hefur í þrígang verið rannsakaður, fyrst hjá BG, svo í RÍN og svo loks í RAUN, er þetta fólk fætt í kringum 1930. Því getur verið mjög athyglisvert að skoða þann hóp sérstaklega. Margrét Lára Höskuldsdóttir (2012) skoðaði þennan hóp í lokaritgerð sinni og kannaði hvort einstaklingar hefðu breytt framburði sínum frá því fyrst þegar þeir voru rannsakaðir í kringum 1940 þangað til í RAUN um 70 árum síðar. Meginniðurstöður hennar voru á þá leið að öll mállýskueinkennin sem hún skoðaði höfðu látið undan síga. Fólk gat því breytt framburði sínum á lífsleiðinni og þeir sem fluttu frá kjarnasvæðum mállýskueinkennanna höfðu tapað framburðinum meira en þeir sem dvöldust áfram á heimaslóðum. Því hafði búsetan áhrif á breytingar hjá einstaklingum á lífsleiðinni.

Sömu rannsóknaraðferðum var beitt í RAUN og í RÍN. Fyrst voru þátttakendum sýndar mállýskumyndirnar og voru þeir síðan látnir lesa texta. Sömu aðferðir eru notaðar við úrvinnslu í RÍN og RAUN, þ.e.a.s. gefin er einkunn fyrir hvert orð og svo reiknuð meðaltöl einstaklinga eins og áður hefur verið lýst.

Í næsta kafla verður fjallað um vestfirskan einhljóðaframburð. Í hverju hann felst og hvernig staða hans var í meginatriðum í rannsókn BG, RÍN og RAUN.

### 3 Vestfirskur einhljóðaframburður

Í þessum kafla verður fjallað um vestfirskan einhljóðaframburð, hvernig hann lýsir sér, og hver staða hans og þróun í íslensku nútímamáli er. Mikilvægt er að útskýra vestfirskan einhljóðaframburð nánar þar sem allt sem koma skal hér eftir snýr að framburðinum.

Þegar talað er um vestfirskan einhljóðaframburð er átt við að málhafar beri fram einhljóð í stað tvíhljóðs á undan fram- og uppgómmæltum nefhljóðum. Einhljóðin eru þá [ɛ], [œ], [a] (*e*, *ö* og *a*) og koma þau á undan *ng* og *nk* (Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason, 2000, bls. 180). Að vísu finnst þessi framburður einnig þegar [ɪ] og [ʏ] koma á undan *ng* og *nk* en þar sem það er í mjög litlum mæli er því sleppt hér að fjalla um það. Til þess að útskýra muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði er best að skoða orð þar sem framburðarins er helst að vænta.

(3)	vestfirskur einhljóðafr.	tvíhljóðafr.
langur	[laŋkʏr]	[laʊŋkʏr]
banki	[paŋci]	[paʊŋci]
lengur	[leŋkʏr]	[leɪŋkʏr]
skenkja	[sceŋca]	[sceɪŋca]
löng	[lœŋk]	[lœɪŋk]
bönkum	[pœŋkʏm]	[pœɪŋkʏm]

Hér er um að ræða tvö mismunandi *n*-hljóð sem laga sig að myndunarstað lokhljóðsins. Framgómmælt nefhljóð, [ŋ] og [ɲ], fer á undan framgómmæltu lokhljóði eins og í *banki* [paŋci] og *skenkja* [sceŋca]. Uppgómmælt nefhljóð, [ɲ] og [ŋ], fer á undan uppgómmæltu lokhljóði eins og í *langur* [laŋkʏr] og *lengur* [leŋkʏr]. Lokhljóðin sem þarna eru sýnd eru tvenns konar, annars vegar [k] og hins vegar [c] (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000, bls. 116-117).

Eins og greint er frá á eftir er nokkur munur á tíðni einhljóðaframburðarins eftir því hvaða einhljóð er um að ræða. Einhljóðaframburðurinn á [ɛ] er til að mynda sjaldgæfari en einhljóðaframburður á [a] og [œ]. Einhljóðaframburð í orðinu *lengur* er varla hægt að finna nú til dags. Framburðinn er helst að finna í orðum eins og *löng* þar sem einhljóðið [œ] er notað, en það virðist halda sér best (Kristján Árnason, 2005, bls. 391).

Vestfirski einhljóðaframburðurinn er eins og nafnið gefur til kynna að finna á Vestfjörðum. Hann finnst um alla Vestfirði en er þó missterkur eftir sýslum. Segja má að kjarnasvæði framburðarins séu Ísafjarðarsýslurnar tvær, þ.e. Norður-Ísafjarðarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla.

### 3.1 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í rannsókn BG

Þegar Björn Guðfinnsson rannsakaði vestfirskan einhljóðaframburð á árunum 1940–1946 skoðaði hann mest staði á Norðvesturlandi, en einnig hljóðkannaði hann skólabörn frá mörkum Mýrasýslu og Hnappadalssýslu að Hrútafjarðará en einnig börn frá Reykjavík, Hafnarfirði og Gullbringusýslu. Textinn sem BG lét krakkana lesa er ekki fyrir hendi en framburðarspjöldin, sem hann notaði, sýna að rannsóknin hafi náð til fjögurra hljóða– sambanda þar sem vestfirskis einhljóðaframburðar væri helst að vænta (sjá (4)) (Björn Guðfinnsson, 1964, bls. 118). BG sýnir þessi hljóðasambönd á þennan hátt. Þetta á við um breytuna einhljóðaframburður/tvíhljóðaframburður. Annað afbrigðið er þá einhljóða– framburður en hitt tvíhljóðaframburður. Seinna í ritgerðinni þegar ég vísa í breytuna geri ég: a-ng/nk, ö-ng/nk og e-ng/nk.

$$(4) \quad a + ng \text{ — } a + nk \text{ — } e + ng \text{ — } ö + ng$$

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu voru 135 málhafar kannaðir, á Ísafirði 154 og í Norður-Ísafjarðarsýslu 165. Niðurstöður úr hverri sýslu fyrir sig má sjá í *töflu 1*.

	V-Ísafjarðarsýsla	Ísafjörður	N-Ísafjarðarsýsla
einhljóðafr.	22,22%	33,77%	35,76%
tvíhljóðafr.	5,93%	6,49%	3,64%
blandaður fr.	71,85%	59,74%	60,00%

*Tafla 1: Niðurstöður úr rannsókn BG.*

Eins og sést á *töflu 1* hefur vestfirski einhljóðaframburðurinn verið talsvert áberandi í rannsókn BG. Af 454 málhöfum höfðu einungis 24 málhafar hreinan tvíhljóðaframburð eða rétt rúm 5% og 141 málhafi eða rúm 31% hafði hreinan einhljóðaframburð, þ.e. hafði alltaf einhljóðin [ɛ], [œ], [a] á undan *ng* eða *nk*. Þegar blandaði framburðurinn var skoðaður sérstaklega kom í ljós að einhljóðunin [a] á undan *nk* var algengust en sjaldgæfust var einhljóðun á [ɛ] á undan *ng*. Einhljóðaframburðurinn var algengastur á þessum stöðum en þó var hann einnig mjög sterkur í Strandasýslu, Vestur-




Barðastrandarsýsla og Austur-Barðastrandarsýsla. Munurinn á þessum sýslum annars vegar og hins vegar á Ísafjarðarsýslunum var sá að mun meira var um hreinan einhljóðaframburð í Ísafjarðarsýslunum. Þannig má með sanni segja að kjarnasvæði vestfirska einhljóðaframburðarins á 5. áratug síðustu aldar hafi verið í Ísafjarðarsýslum (Björn Guðfinnsson, 1964, bls. 118-133).

Nú skulum við athuga hvernig framburðurinn hélt sér um fjórum áratugum síðar, og þá skoðum við niðurstöður úr RÍN.

### 3.2 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í RÍN


Fyrstu upptökurnar í RÍN á Vestfjörðum voru gerðar sumarið 1981, sumarið 1982 var svo haldið áfram og veturinn 1982–1983 var farið í skóla. Því spannar rannsókn RÍN á Vestfjörðum frá 1981 til ársins 1983. Notast var við tvær rannsóknaraðferðir, eins og áður hefur verið lýst, þ.e.a.s. skoðaðar mállýskumyndir og lesnir textar. Textinn sem málhafar á Vestfjörðum voru beðnir um að lesa var sagan um *Mola litla*. Í þeim textabút var að finna fjöldann allan af orðum þar sem vestfirskis einhljóðaframburðar væri að vænta. Einnig var lesinn texti sem hét *Bjarni blaðasali*, en það var texti sem lesinn var í öllum sýslum landsins. Niðurstöður úr RÍN sýndu, eins og sjá má á mynd 4, að framburðurinn hafi látið mjög undan síga á undanförunum áratugum. Sundurliðaðar niðurstöður úr RÍN eru fengnar úr skýrslu sem Árni Kristjánsson gerði (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, án árs).




Mynd 4: Staða vestfirskis einhljóðaframburðar í RÍN.

Eins og gefur að skilja getur reynst mjög erfitt að bera saman niðurstöður úr rannsókn BG og úr RÍN, þar sem ólíkum rannsóknaraðferðum var beitt. Hins vegar er vel hægt að sjá að mun fleiri málhafar á Vestfjörðum í RÍN hafi tvíhljóðaframburð en í rannsókn BG. Það sem er einna athyglisverðast í RÍN er að einhljóðaframburðurinn á ö-ng/nk hefur varðveist hvað best. Frá því í rannsókn BG hefur einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk látið

mjög undan síga. Það sama má svo segja um einhljóðaframburðinn á e-ng/nk. Þegar framburðurinn er skoðaður út frá aldri má sjá verulegan mun (sjá myndir 5 og 6). Einhljóðaframburður á e-ng/nk mældist það lítill að óþarfi er að skipta honum niður eftir aldri.




Mynd 6: Framburður á a-ng/nk í RÍN eftir aldri.



Mynd 5: Framburður á ö-ng/nk eftir aldri í RÍN.


Munurinn sem þarna sést segir okkur að aldur málhafa skipti miklu máli þegar um vestfirskan einhljóðaframburð er að ræða. Ef sama þróun heldur áfram mun vestfirskur einhljóðaframburður eiga í vök að verjast og með tímanum mögulega alveg hverfa.

Þegar skoðaður er munur milli kynjanna kemur í ljós að lítinn sem engan mun er að finna í Norður-Ísafjarðarsýslu en talsverður munur er í Vestur-Ísafjarðarsýslu (sjá mynd 7).



Mynd 7: Framburður kynjanna á a-ng/nk og ö-ng/nk í RÍN.

Hér voru ekki sýndar sérstaklega þær sýslur sem höfðu einhverjar leifar eftir af framburðinum, eins og t.d. Strandasýsla eða Barðastrandarsýslur, en allar sýslur sýndu að framburðurinn væri á undanhaldi. Mynd 8 (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001; hér tekið af vefslóðinni <https://mallyskur.is>) sýnir útbreiðslu framburðarins samkvæmt RÍN.




Mynd 8: Útbreiðsla vestfirskis einhljóðaframburðar í RÍN.

### 3.3 Vestfirski einhljóðaframburðurinn í RAUN

Niðurstöður vestfirskra einhljóðaframburðarinn í RAUN hafa ekki verið birtar eins ítarlega og niðurstöður úr RÍN. Því eru niðurstöður í þessum undirkafla einungis fengnar úr SPSS-skrám sem Höskuldur Þráinsson (munnleg heimild, 13. febrúar 2019) sendi mér og ég flokkaði nánar. Í RAUN eru þátttakendurnir frá Ísafjarðarsýslum ekki margir, alls 28 og þar af aðeins níu karlar, konurnar mun fleiri eða alls 19. Því ber að taka þessum niðurstöðum með varúð þar sem úrtakið er frekar lítið. Sömu aðferðir eru notaðar í RÍN


og í RAUN til þess að kanna niðurstöður. Það er að segja einkunnin 200 er gefin ef þátttakandi hefur einhljóðaframburð í öllum tilvikum. Þá eru sömu textar lesnir í RAUN og RÍN, þ.e. *Bjarni blaðasali* og *Moli litli*. Meðalaldur hópsins var frekar hár þar sem engir unglingar voru kannaðir. Yngstu þátttakendurnir voru fæddir 1969 og sá elsti árið 1927. Á mynd 9 má sjá stöðu vestfirska einhljóðaframburðarins í RAUN.



Mynd 9: Vestfirski einhljóðaframburðurinn í RAUN.


Hér sést að einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk stendur í stað, ekki er mikill munur á notkun hans í RÍN og RAUN. Þá er athyglisvert að skoða að einhljóðaframburðurinn á ö-ng/nk hefur hækkað umtalsvert í Vestur-Ísafjarðarsýslu frá því í RÍN, en í Norður-Ísafjarðarsýslu hefur hann minnkað. Einhljóðaframburðurinn á e-ng/nk er þá nánast alveg horfinn.

Ef við skoðum næst hvernig einhljóðaframburðurinn var m.t.t. kynja sést að munurinn á einhljóðaframburði á a-ng/nk er nánast enginn en munurinn á ö-ng/nk er nokkur og varðveittu konurnar þann framburð betur en karlarnir. Þar sem einhljóðaframburður á e-ng/nk var nánast alveg horfinn var ekki munur á milli kynja þar. Mynd 10 sýnir mun kynjanna í RAUN. Þar sem fjöldinn er það lítill er óþarfi að skipta kynjunum niður eftir því hvaða sýslu þau komu úr. Því eru báðar sýslurnar, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýsla, hafðar saman.



Mynd 10: Framburður kynjanna í RAUN.

Að síðustu er kannað hvort einhver munur sé á aðferðunum tveimur, þ.e.a.s. hvort munur sé þegar fólk er beðið um að segja hvað það sér á mállýskumyndunum eða þegar það les texta. Tilgátan er sú að fólk noti framburðinn meira í textunum en í mállýskumyndunum.



Mynd 11: Er munur á kynjunum í mállýskumyndum og í textum?

Hér sést að munur á meðaleinkunnum hjá konum og körlum þegar þau lesa er nær enginn. Hins vegar er mikill munur á kynjunum í mállýskumyndunum. Þessi munur sem kemur fram hjá körlum og konum eftir því hvaða aðferðum rannsakandinn beitir varð kveikjan að því að ég fór að skoða tölur úr RÍN og athuga hvort sama mun væri að finna í mun stærra úrtaki. Niðurstöður þeirra athugana koma fram í sjötta kafla.

### 3.4 Samantekt

Hér hefur verið fjallað um vestfirskan einhljóðaframburð og stöðu hans í mismunandi rannsóknum á síðustu öld. Það er augljóst mál að staða framburðarins hefur veikst í aldanna rás, en það er svo sem ekkert ósvipað því sem virðist vera að gerast með annan minnihlutaframburð annars staðar á landinu. Þegar BG gerði sína rannsókn var staða framburðarins mjög sterk en eins og sást í RÍN þá hafi framburðurinn mjög látið undan

síga. Eins og RAUN sýndi virtist framburðurinn halda sér nokkuð vel meðal eldra fólks, þeir sem höfðu framburðinn í RÍN voru ekki líklegir til þess að glata framburðinum. Mun meira hrun var á framburðinum frá rannsókn BG þangað til RÍN var gerð en frá RÍN og til RAUN. Hvað það er sem veldur því er erfitt að segja til um en í því sambandi getur verið áhugavert að skoða hvort viðhorf til framburðarins komi þar eitthvað inn í. Áður en við fjöllum um slík viðhorf skulum við fjalla aðeins um þær aðferðir sem notaðar eru í framburðarmállýskurannsóknum og svara því hvernig þeim er beitt og hverjir séu kostir þeirra og gallar.

## 4 Aðferðir við rannsóknir á framburðarmállýskum

Í þessum kafla verður greint frá þeim aðferðum sem koma til greina þegar framkvæmdir eru rannsóknir á framburðarmállýskum. BG (1946, bls. 100-150) tók saman fjórar aðferðir sem hann telur að hægt sé að nota þegar slík rannsókn er framkvæmd. Þær eru: ritunaraðferð, spurnaraðferð, samtalsaðferð og lestraraðferð. Í þessari ritgerð er fjallað um tvær þeirra, þ.e. samtalsaðferðina og lestraraðferðina, enda tengjast þær rannsókninni sem þessi ritgerð byggir á. Um hinar, þ.e. ritunaraðferð og spurnaraðferð, er óþarft að skýra nánar frá þar eð ekki var notast við þær í rannsókninni en BG (1946, bls. 100-129) fjallar um þær og lýsir helstu kostum þeirra og göllum. Við skulum byrja að tala um samtalsaðferðina.

### 4.1 Samtalsaðferð

Í samtalsaðferð, eða viðtalsaðferð eins og hún er einnig kölluð, taka rannsakendur viðtal við þá sem verið er að kanna og er samtalið því rannsóknarefnið sjálft. Það sem einstaklingurinn segir í samtalinu eru niðurstöður rannsóknarinnar. Þessari aðferð hefur mikið verið beitt í mállýskurannsóknum þó svo að hún sé bæði dýr og fyrirhafnarmikil (BG, 1946, bls. 130). Taka skal orð BG með fyrirvara því þegar hann framkvæmdi sína rannsókn var hann ekki með upptökutæki við höndina. Því þurfti hann að leggja allt það sem einstaklingurinn bar fram á minnið. Segir hann að margt geti gleymst og það geti haft áhrif á niðurstöðurnar. Eftir að upptökutækin komu til sögunnar varð þetta mun auðveldara og menn gátu hlustað aftur og aftur á upptökuna og lagt mat á framburðinn.

BG (1946, bls. 131) segir að ef fólk er ekki meðvitað um að verið sé að rannsaka framburð þess, þá sé samtalsaðferðin að sumu leyti besta aðferðin í mállýskurannsóknum. Í RÍN og svo síðar í RAUN voru notaðar, eins og áður hefur verið lýst, mállýskumyndir til þess að kanna framburð einstaklinga. Aldrei voru þátttakendur látnir vita að verið væri að kanna framburð þeirra. Í þessari ritgerð verður reynt að sýna fram á að mállýsku- myndirnar séu eins og samtalsaðferðin (sjá kafla 4.3) og mállýskumyndirnar endurspegli almennt afslappaðan og eðlilegan framburð þegar vel tekst til, en fyrst skal gera grein fyrir lestraraðferðinni.

### 4.2 Lestraraðferð

Þessi aðferð er fólgin í því að rannsakandi lætur einstaklinga lesa texta. Í textanum eiga að koma fyrir orð þar sem mismunandi framburðareinkenna er að vænta. Ef við værum að rannsaka vestfirskan einhljóðaframburð þá myndu koma fyrir orð eins og t.d. *langur*

og löng. Þessa aðferð notaði BG í yfirlitsrannsókn sinni og var þessi aðferð einnig notuð í RÍN og RAUN eins og áður hefur komið fram. BG (1946, bls. 134) segir að helsti ókostur þessarar aðferðar sé sá að ekki hægt er að beita henni á fólk á öllum aldri. Lykilatriðið sé að sjálfsögðu að einstaklingar séu vel læsir, öðruvísi virki hún ekki. Börn undir 10 ára aldur komi því ekki til greina vegna þess að þau skorti lestrarleikni. Þá segir BG að miklar takmarkanir séu á því að nota þessa aðferð á fullorðið fólk. Fullorðnu fólk sé jafnan lítið gefið um slíkar athuganir og það eigi það til að breyta framburði sínum mjög mikið ef það veit hvað verið er að kanna. Í framhaldi nefnir BG að þessi rannsóknaraðferð verði því einungis notuð á einstaklinga sem eru innan við 16 ára aldur og eru þá sæmilega vel læsir.

Í RÍN var lestraraðferðinni einnig beitt, en eins og Labov benti á og áður hefur komið fram er mikilvægt að kanna framburð með fleiri en einni aðferð. Ástæðan fyrir því að nota lestraraðferðina í RÍN var sú að þá var hægt að bera saman niðurstöður hennar og niðurstöður BG. En einnig var talið nauðsyn að kanna framburð með annarri aðferð og því komu mállýskumyndirnar til sögunnar.

Mismunandi textar voru þá notaðir eftir landsvæðum. Til dæmis var ekki lögð mikil áhersla á orð sem gætu innihaldið *rn-* og *rl-*framburð í texta fyrir Vestfirðinga, því sá framburður var ekki tengdur við Vestfirði í rannsókn BG. Sá texti sem notaður var á Vestfjörðum bar heitið *Moli litli*.<sup>10</sup> Í *Mola litla* voru mörg orð þar sem vestfirskur einhljóðaframburður gat komið fyrir.<sup>11</sup>

Í flestöllum sýslum landsins var lesinn texti sem hét *Bjarni blaðasali*.<sup>12</sup> Sá texti var nokkuð „venjulegur“ ef svo má að orði komast, þ.e.a.s. hann var ekki hlaðinn orðum þar sem einhver ein ákveðin framburðarmállýska gat komið mjög oft fyrir. *Sighvatur í Hvammi* var texti sem notaður var í Skaftafellssýslum báðum og innihélt hann 25 orð þar sem *hv-*framburður gat komið fyrir.

Þau atriði sem BG nefnir um lestraraðferðina ættu vel að styðja athugunina sem þessi ritgerð er byggð á, þ.e. að einstaklingar geti ýkt framburð sinn þegar þeir lesa texta. Til þess að sjá hvort einstaklingar geti ýkt framburð sinn í lestri þarf að kanna framburð þeirra í talmáli, þegar framburðurinn er sem afslappaðastur og eðlilegastur. Þá koma mállýskumyndirnar til sögunnar, en það var sú leið sem farin var í RÍN og RAUN til þess að ná fram sem eðlilegustum og afslöppuðustum framburði einstaklinganna.

---

<sup>10</sup> Sjá í viðauka.

<sup>11</sup> Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason eru höfundar *Mola litla* og *Bjarna blaðasala*.

<sup>12</sup> Sjá í viðauka.



Í rannsókn Ingólfs Pálmasonar frá árunum 1977–1978 gerir hann athugasemdir við lestraraðferðina og því var ákveðið að skoða þá rannsókn nánar. Ingólfur (1983) kannaði framburð nokkurra Örfæinga, Suðursveitunga og Hornfirðinga. Þau framburðar-einkenni sem hann kannaði voru þau sem tengja má við Skaftafellssýslur, þ.e. *rn-* og *rl-*framburð, skaftfellskan einhljóðaframburð og *hv-*framburð. Hér verður þó ekki farið í niðurstöður rannsóknarinnar en athugunum Ingólfs á mismunandi aðferðum verða gerð skil.

Skaftfellskur einhljóðaframburður er þannig að borið er fram langt einhljóð í stað tvíhljóðs á undan [jɪ]. Framburðurinn kemur fram í orðum eins og *snagi* og *bogi*. Þeir sem hafa einhljóðaframburðinn bera orðin fram svona: [stna:jɪ] og [pɔ:jɪ] en flestallir landsmenn svona: [stnaijɪ] og [poiɪ] (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013, bls. 89).

*rn-* og *rl-*framburð er einungis að finna í Austur-Skaftafellssýslu. Sá framburður lýsir sér í því að ekki er borið lokhljóð fram í orðum sem skrifuð eru með *rn* og *rl*. Þetta kemur fyrir orðum eins og *barnið* og *karlinn*, [parnið] og [k<sup>h</sup>arlɪn]. Þeir sem hafa lokhljóðaframburð sleppa ýmist [r] eða ekki. Mennt segja annaðhvort [partnið] eða [patnið] og [k<sup>h</sup>artlɪn] eða [k<sup>h</sup>atlɪn]. Þessi munur er þó ekki svæðisbundinn eins og *rn-* og *rl-*framburður (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013, bls. 89).

Ingólfur Pálmason notaði lestraraðferðina við rannsókn sína en tók einnig viðtöl við einstaklingana og tók þau upp á segulband. Um lestraraðferðina segir Ingólfur (1983, bls. 31) að hún sé mjög misjafnlega örugg eftir því hvaða framburðareinkenni verið sé að rannsaka. Nefnir hann að hún gefi á engan hátt rétta mynd af *rn-* og *rl-*framburði. Skaftfellingar noti þann framburð mun meira í lestri en í tali. Ingólfur nefnir mann sem hafði *rn-* og *rl-*framburð í öllum tilvikum þegar hann las texta en sagði svo *jáddn* [jautn] en ekki *járn* [jaurn]. Einnig kom orðið *Árni* fyrir í textanum og var þá miklu algengara að einstaklingar höfðu *rn-* og *rl-*framburð þegar þeir lásu en í tali. Undantekningarlaust þegar þetta nafn kom fram í samtölum hét persónan *Áddni* [autnɪ] en ekki *Árni* [aurnɪ]. BG talaði að vísu einnig um þennan framburð og sagði að ekki hefði verið hægt að nota hann með lestraraðferðinni einni, því menn myndu nota hann mun meira í lestri en í venjulegu tali (Björn Guðfinnsson, 1946, bls. 135). Um skaftfellska einhljóðaframburðinn gegnir hins vegar öðru máli.

Ingólfur Pálmason (1983, bls. 31-32) segir að vel sé hægt að nota lestraraðferðina þegar kanni eigi skaftfellskan einhljóðaframburð. Það sé e.t.v. vegna þess að fólk taki hreinlega ekki eftir því hvorn framburðinn það noti. BG nefnir þetta ekki í sinni rannsókn.

Samkvæmt Ingólfi var mikill munur á notkun *rn-* og *rl-*framburðar í lestri og venjulegu tali en lítill munur á skafffellskum einhljóðaframburði. Ef við gerum ráð fyrir því að mállýskumyndirnar í RÍN eigi að endurspeglja þann framburð sem mætti kalla eðlilegan og þann sem fólk noti í sínu talmáli þá ætti að vera mikill munur á framburði fólks á *rn-* og *rl-*framburði í mállýskumyndunum og textunum en lítill munur á skafffellskum einhljóðaframburði í mállýskumyndunum og í texta. Ég kannaði því bæði *rn-* og *rl-*framburð og skafffellskan einhljóðaframburð í Austur-Skaftafellssýslu og athugaði hvort einhver munur væri á þessum tveimur framburðareinkennum. Athugun þessi er reifuð í næsta undirkafla.

### 4.3 Kalla mállýskumyndir fram eðlilegan framburð?

Í þessum undirkafla verður athugað hvort mállýskumyndirnar sem notaðar voru í RÍN og RAUN geti varpað ljósi á eðlilegan og afslappaðan framburð. Til þess verður stuðst við það sem Ingólfur Pálmason sagði um annars vegar *rn-* og *rl-*framburð og hins vegar skafffellskan einhljóðaframburð. Hann sagði að mikill munur væri í lestri og tali á *rn-* og *rl-*framburði en enginn munur væri á skafffellskum einhljóðaframburði í lestri eða tali. Því var farið í RÍN-gögnin og kannað hvort þessi munur væri sá sami og Ingólfur hafði fundið 1977–1978.

Þar sem *rn-* og *rl-*framburður var ekki algengur í Austur-Skaftafellssýslu í RÍN var ákveðið að taka 12 hæstu einstaklingana og skoða þá nánar. Lægsti málhafinn var með meðaleinkunnina 117, þ.e.a.s. málhafinn hafði *rn-* og *rl-*framburð í 17% tilvika fyrir þessa breytu. Sá hæsti var með einkunnina 182. Eins og áður hefur komið fram eru RÍN-gögnin ekki eins ítarleg í tölvu og RAUN-gögnin, þ.e. meðaleinkunnir úr hverjum texta fyrir sig er þar ekki að finna, heldur er öllum einkunnum skeytt saman og þannig fundin út meðaleinkunn. Því þurfti að slá inn allar niðurstöður í RÍN inn í tölvu.

Meðaleinkunn í mállýskumyndunum var 129. Af einstaklingunum 12 voru tveir sem höfðu aldrei *rn-* og *rl-*framburð í mállýskumyndunum, en allir höfðu einhvern *rn-* og *rl-*framburð þegar þeir lásu. Meðaleinkunn í lestraraðferðinni var mun hærri, eða 160. Textinn sem málhafar voru látnir lesa hét *Árni í Vogu*.<sup>13</sup> Munurinn er því talsverður en ekki er um marktækan mun að ræða (sjá *töflu 2*) en notast er við kí-kvaðratpróf sem er útskýrt í sjötta kafla, en úrtakið er mjög lítið.<sup>14</sup> Hins vegar gefur þetta góða vísbindingu

<sup>13</sup> Sjá í viðauka.

<sup>14</sup> Í kafla 6 er útskýrt hvernig þessi gildi í töflunni eru fengin, hér skiptir mestu máli að átta sig á því að *p*-gildið er ekki 0,05 eða lægra og því er ekki hægt að tala um tölfræðilega marktækan mun, munurinn getur því verið til kominn vegna tilviljunar.

um að fólk noti frekar *rn*- og *rl*-framburð í lestri en í tali, því þessir 12 einstaklingar höfðu allir framburðinn oftari í textunum en í mállýskumyndunum.<sup>15</sup>

	[rn] og [rl]	[rtn] og [rtl]
Mállýskumyndir	3 (25%)	9 (75%)
<i>Árni í Vogu</i>	5 (42%)	7 (58%)
p-gildi	0,0977	

Tafla 2: Er marktækur munur á *rn*- og *rl*-framburði í mállýskumyndum og *Árni í Vogu*?

Þegar skoðaður var skaftfellskur einhljóðaframburður var ákveðið að styðjast við RAUN.<sup>16</sup> Alls voru 24 einstaklingar kannaðir. Meðaleinkunn á skaftfellskum einhljóðaframburði í mállýskumyndunum var 155. Það er mjög athyglisvert hversu há meðaleinkunnin er í mállýskumyndunum því í lestraraðferðinni er meðaleinkunn 141. Munurinn er samt alls ekki marktækur, vegna þess að p-gildið er mun hærra en 0,05, eins og sést á töflu 3.

	[a:j]	[aij]
Mállýskumyndir	13 (57%)	10 (43%)
<i>Árni í Vogu</i>	10 (42%)	14 (58%)
p-gildi	0,308	

Tafla 3: Er marktækur munur á skaftfellskum einhljóðaframburði í mállýskumyndum og *Árna í Vogu*?

Þótt 24 einstaklingar séu ekki stórt úrtak er greinilegt að ekki er mikill munur á tali eða lestri einstaklinga m.t.t. skaftfellskum einhljóðaframburði. Þannig mætti segja að lestraraðferðin virki vel á skaftfellskan einhljóðaframburð og sé ekki aðeins hægt að nota á krakka yngri en 16 ára eins og BG hafði haldið fram. Einstaklingur er ekki líklegri til þess að ýkja framburðinn í lestri, því munurinn á notkun framburðarins er minni í lestri en í mállýskumyndunum. Þótt ég ætli nú ekki með þessu að afsanna kenningar BG væri

<sup>15</sup> Í mállýskumyndunum voru þeir með meðaleinkunnina 129 en í textunum með meðaleinkunnina 160, því fóru þeir úr því að vera með framburðinn í 29% tilvika þar sem hann kom fram upp í að vera með hann í 60% tilvika.

<sup>16</sup> Ástæðan fyrir því hvers vegna RAUN var valin var sú að til voru gögn í SPSS-skjali um skaftfellskan einhljóðaframburð. Ef gögn hefðu verið tekin úr RÍN hefði þurft að slá inn öll gögn, þar sem niðurstöður úr RÍN voru ekki komin inn í SPSS-skjal.

áhugavert að skoða hvernig staða annarra framburðareinkenna líti út m.t.t. mismunandi aðferða. Er þennan sama mun að finna í öðrum framburðareinkennum eins og t.d. í *hv*-framburði? Er notkun á þeim framburði meiri þegar lesnir eru textar eða í venjulegu talmáli? Í þessari rannsókn verður vestfirskur einhljóðaframburðinn kannaður en áhugavert væri að skoða þennan mun nánar og þá á öðrum framburðareinkennum og þá sérstaklega hvort málfarar ýki frekar framburð sem þeim þykir vera fínni.

#### **4.4 Samantekt**

Í þessum kafla var fjallað um þær aðferðir sem notaðar voru í RÍN og RAUN. Eftir þessa umfjöllun og athuganir á *rn*- og *rl*-framburði og skaftfellskum einhljóðaframburði er hægt að segja að mállýskumyndirnar varpi ljósi á eðlilegan og afslappaðan framburð. Vestfirskir einstaklingar ættu því að geta ýkt framburð sinn, þ.e.a.s. nota hann fremur í lestri en tali eins og Austur-Skaftfellingar gera á *rn*- og *rl*-framburði. Hins vegar er spurningin sú hvort Vestfirðingar geri það yfirleitt og þá hvort einhverjir hópar séu líklegri til þess en aðrir. Áður en þeim spurningum verður svarað er vert að skoða hvernig viðhorfin eru til vestfirskis einhljóðaframburðar og hvort viðhorfin til framburðarins hafi áhrif á hvort menn ýki framburð sinn eða ekki.

## 5 Viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar

Í þessum kafla verður reynt að svara eftirfarandi spurningum um hvaða viðhorf fólk hefur til vestfirskis einhljóðaframburðar.

- Skipta viðhorf til framburðar einhverju máli þegar framburður er mældur?
- Hafa jákvæð viðhorf til framburðarins jákvæð áhrif á notkun hans og hvað finnst fólki almennt um vestfirska einhljóðaframburðinn?
- Er hann eftirsóknarverður, er hann fallegur eða er fólk sem notar hann bara almennt talið skrítið?

Hvað sem því líður eru viðhorf alltaf einstaklingsbundin en viðhorfsrannsóknir geta þó gefið okkur nokkra vísbendingu um stöðu framburðarins. Við skulum þó athuga fyrst hvað Birni Guðfinnssyni (BG) fannst um vestfirska einhljóðaframburðinn skömmu eftir allsherjarrannsókn hans í kringum miðja síðustu öld.

### 5.1 Viðhorf Björns Guðfinnssonar

Eins og áður hefur komið fram í kafla 3.1 vildi BG hjálpa yfirvöldum að samræma framburð í íslensku. Þau framburðareinkenni sem BG (1947, bls. 57-58) nefnir og ætti að leggja til grundvallar eru réttmæli, *hv*-framburður og harðmæli. Með því ætti að hafna flámæli, *kv*-framburði og linmæli sem eru andstæður þessara framburðareinkenna. Þessi framburðareinkenni eru í mestum metum hjá BG. Að auki nefnir BG nokkur framburðareinkenni sem beri að varðveita, t.d. raddaða framburðinn og *rn*- og *rl*-framburð. Nefnir hann að honum hafi fundist þessi framburðareinkenni mun fegurri en hin afbrigðin, þ.e. óraddaður framburður og *rdn*- og *rll*-framburður.

Viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar eru aftur á móti ekki jafn jákvæð hjá BG. „Einhljóðaframburðurinn hefur mér aldrei þótt fagur. Geðjast mér betur að tvíhljóðaframburðinum“ (BG, 1947, bls. 28). Tekur hann svo fram að fleiri séu sammála honum um þetta atriði en segir svo jafnharðan að Vestfirðingar ættu ekki að glata þessum framburði að svo stöddu. Þó svo að lítið sem ekkert hafi orðið úr samræmdum framburði eins og BG ætlaði að koma á fót, má spyrja sig hvort þessi viðhorf sem BG og einhverjir fleiri höfðu til vestfirskis einhljóðaframburðar hafi haft einhver áhrif á framburðinn og þróun hans. Það að vestfirskur einhljóðaframburður komi ekki til greina í samræmdan framburð, eins og BG vildi að yrði gert með t.d. harðmælinu, hlýtur að þýða að viðhorf til framburðarins hafi ekki verið eins jákvæð og t.d. viðhorf gagnvart harðmælinu í kringum miðja síðustu öld.

Margrét Guðmundsdóttir hefur nokkuð kannað viðhorf til framburðar. Í næsta undirkafla verður fjallað um skýrslu sem hún vann ásamt Kristjáni Árnasyni árið 2016 um rannsókn á viðhorfum til framburðar árin 2013 og 2014.

## 5.2 Viðhorf til framburðar

Margrét Guðmundsdóttir (munnleg heimild, 15. apríl 2019) segir að viðhorf sem BG hafði til framburðar á árunum í kringum miðja síðustu öld hafi haft áhrif á almenning á þeim tíma. Nefnir hún dæmi um mann sem búið hafði á Vestfjörðum um 1940 og hafði vestfirskan einhljóðaframburð. Þegar hann flutti suður til Reykjavíkur hætti hann að nota framburðinn. Viðhorfin sem fólk hafði á þeim tíma til vestfirska framburðarins hafi einfaldlega verið svo neikvæð að gert var grín að honum t.d. í skóla. Hafi því þessi maður hætt að nota framburðinn. Þó svo að hér sé einungis um eitt dæmi að ræða er greinilegt að viðhorfin á þessum tíma gagnvart framburðinum hafi ekki verið mjög jákvæð, samanber það sem BG sagði. Margrét telur að þessi viðhorf hafi á seinni tímum snúist við, könnunin sem hún gerði fyrir nokkrum árum styðji það.

Rannsókn Margrétar skiptist í nokkrar lotur. Ein þeirra var símaviðtöl við 39 einstaklinga sem höfðu tekið þátt í Rannsókn á málbreytingum í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN). Allt var þetta fólk fætt í kringum 1930 svo um talsvert aldraðan hóp var að ræða. Flestallir þátttakendurnir þekktu vestfirska einhljóðaframburðinn og gátu tengt hann við Vestfirði. Það kemur dálítið á óvart miðað við hversu litla útbreiðslu hann hefur. Þegar þeir voru síðan spurðir hvort þeim þætti framburðurinn fallegur voru ekki margir sem svöruðu því játandi. Margir töldu hann sérstakan framburð og höfðu þá frekar jákvæð viðhorf til slíks (Margrét Guðmundsdóttir, 2016, bls. 14). Menn telja að framburðurinn hafi sérstöðu og það sé eitthvað sem er sérkennilegt við hann en þeir nota þá þessa lýsingu ekki í neikvæðum skilningi.

Einn hluti rannsóknarinnar var netkönnun, náði hún til alls landsins og var aldursbilið nokkuð breitt. Í henni voru lagðar fyrir spurningar sem flestum fylgdi hljóðskrá og áttu þátttakendur að hlusta á dæmi og svara spurningum í kjölfarið. Umfjöllun um vestfirskan einhljóðaframburð skulum við kíkja nánar á.

Þátttakendurnir hlustuðu á konu sem las lítinn texta sem innihélt orð með vestfirskum einhljóðaframburði. Þátttakendurnir fengu að vita að konan væri frá Vestfjörðum og áttu að benda á einhver orð eða eitthvað í máli konunnar sem myndi tengja hana við Vestfirði. Orðin sem höfðu vestfirskan einhljóðaframburð voru orðin *langdregin* og *ógöngur*. Einnig voru sérstök orð höfð með eins og *skrudda* og *skrambi* og

var það gert til þess að þátttakendurnir myndu ekki einungis tengja framburð við landsvæði, heldur myndu þeir mögulega tengja einhver sérstök orð við landsvæðin. Þetta var gert svo að fólk myndi ekki átta sig á því að einungis væri verið að kanna framburð, en þessi tvö (*skrudda* og *skrambi*) orð hafa aldrei neins staðar verið tengd sérstaklega við Vestfirði.

Það kom í ljós að vestfirskur einhljóðaframburður er nokkuð aðgreinandi, a.m.k. á a-ng/nk. Tæp 63% merktu við orðið *langdregin* og töldu það orð tengja konuna við Vestfirði. Orðið *ógöngur* tengdi fólk síður við. Því miður var einhljóðið alls ekki skýrt í því dæmi og voru því einungis tæp 10% sem merktu við það orð og tengdi það við Vestfirði. Það hefði verið mjög gagnlegt að skoða hvort menn tengi [œ] á undan *ng* og *nk* jafn mikið við vestfirsku og þeir tengja [a] á undan *ng* og *nk* við vestfirsku. Sjálfur hef ég aðeins kannað þetta og tekið eftir því að fólk tekur miklu fremur eftir [a] á undan *ng* og *nk* (reyndar [ɛ] á undan *ng* og *nk* einnig) heldur en [œ] á undan *ng* og *nk*.<sup>17</sup>

Ef við skoðum nánar hvernig vestfirskur einhljóðaframburður hefur verið að þróast, sjáum við að í rannsókn BG var einhljóðaframburðurinn a-ng/nk algengari en einhljóðaframburðurinn ö-ng í blandaða framburðinum. Í RÍN 40 árum síðar hafði þetta snúist við. Miklu minna var um a-ng/nk einhljóðaframburðinn en í rannsókn BG og má þá ætla að viðhorf þess tíma á einhljóðaframburð á a-ng/nk hafi haft mikil áhrif á fall hans. En eins og greint er frá í kafla 4.3 er einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk á miklu undanhaldi.

Hins vegar varð ekki eins mikið hrun á einhljóðaframburði á ö-ng/nk og í raun varðveittist hann mjög vel. Menn eru ekki eins meðvitaðir um einhljóðaframburðinn á ö-ng/nk og það stemmir við nokkra sem Margrét Guðmundsdóttir (2016, bls. 13) talaði við árið 2013. Þar segir hún frá einum þátttakanda frá Vestfjörðum sem sagðist ekki hafa heyrt neinn einhljóðaframburð í seinni tíð. Hins vegar hafði hann sjálfur mælst með einhvern einhljóðaframburð í RAUN á ö-ng/nk og var hann því ekki meðvitaður um að hafa sjálfur þennan framburð. Öðrum málhafa fannst þessi framburður vera mjög skríttinn og sagðist ekki nota þetta, hann hafði samt sem áður líkt og hinn mælst með nokkurn einhljóðaframburð á ö-ng/nk í RAUN.

Ekki verða niðurstöður Margrétar ræddar frekar hér en þó er vert að rifja upp aðalatriði niðurstaðnanna um vestfirskan einhljóðaframburð.

---

<sup>17</sup> Könnunin felst í því að ég les texta með orðum og ber þau fram með vestfirskum einhljóðaframburði. Svo bið ég einstaklinga að tilgreina einhver orð sem þeim fannst vera borin einkennilega fram. Allir þeir fjórir sem ég kannaði tóku eftir a-ng/nk og e-ng/nk en enginn tók eftir ö-ng/nk-einhljóðaframburðinum.

- (5) a. Vestfirskur einhljóðaframburður er aðgreinandi.
- b. Vestfirskur einhljóðaframburður er sagður hafa sérstöðu.
- c. Vestfirskur einhljóðaframburður er talinn sérstakur en þó ekki í neikvæðum skilningi.
- d. Viðhorf frá rannsókn BG og til dagsins í dag hafa breyst. Viðhorf til framburðarins höfðu verið nokkuð neikvæð og því höfðu menn lagt framburðinn í auknum mæli niður.

Eins og áður sagði hafði Margrét Guðmundsdóttir tilfinningu fyrir því að viðhorf gagnvart vestfirska einhljóðaframburðinum væru að breytast og því ákvað ég að ná tali af málhafa sem hafði vestfirskan einhljóðaframburð í máli sínu.

Ég fór því og ræddi við Heimi Má Pétursson (munnleg heimild, 24. apríl 2019), fréttamann á Stöð 2. Þeir sem hafa hlustað á hann segja fréttir kynnu að hafa tekið eftir vestfirskum einhljóðaframburði í máli hans. Í spjalli við Heimi Má komu áhugaverðar upplýsingar fram sem enn styðja þessa tilgátu Margrétar um að viðhorfin til framburðarins séu að breytast. Heimir Már er fæddur á Ísafirði árið 1962 og hefur vestfirska einhljóðaframburðinn í máli sínu. Þegar hann flutti til Reykjavíkur og hóf að lesa fréttir á Bylgjunni árið 1991 sagði þáverandi fréttastjóri hans að hann ætti að reyna að leggja þennan framburð niður. Framburðurinn myndi vekja of mikla athygli og innihald fréttanna myndi mögulega gleymast. Heimir hætti því að nota framburðinn. Viðhorfin gagnvart framburðinum voru því enn nokkuð neikvæð á þessum árum. Einhverjum árum seinna hætti Heimir að hlusta á þetta og tók viljandi framburðinn aftur upp. Honum hafi á seinni árum fundist þetta vera orðið sitt vörumerki ef svo má segja. Það sé nú á dögum meira eftir honum tekið sökum framburðarins og meira hlustað á hann fyrir vikið, einmitt öfugt við það sem gamli fréttastjóri Heimis hafði áður sagt. Því má segja að Heimir sé stoltur af sínum framburði og sé ekkert á þeim buxunum að hætta að tala svona. Þessi viðhorf sem Heimir hefur gagnvart sínum framburði er í góðu samræmi við það sem rannsóknir Labovs hafa sýnt, þ.e. að þeir sem hafi jákvæð viðhorf til heimahéraðs síns noti framburðinn í meira mæli en þeir sem hafa neikvæð viðhorf.

Í RÍN voru nokkrir þátttakendur frá Vestfjörðum spurðir um viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar og skoðaði Þóra Björk Hjartardóttir (1997) niðurstöður úr því. Meginathugun hennar var að skoða viðhorf hjá Vestfirðingum, hvort munur væri á



kynjunum gagnvart viðhorfum og hvort það endurspegladist í notkun framburðarins. Næsti undirkafla fjallar um þá athugun.

### 5.3 Samsömun við heimahérað?

Þóra Björk Hjartardóttir (1997) segir að einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk hafi fengið nýtt hlutverk. Það hlutverk sé að vera eins konar tákni um uppruna og samsömun við heimahéraðið. Einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk sé eins konar tæki sem fólk noti til að kynna sjálfsmýnd sína sem Vestfirðingar. Þetta eigi þó ekki við um einhljóðaframburðinn á ö-ng/nk því fólk taki hreinlega ekki eftir þeim framburði, eða a.m.k. ekki í eins miklum mæli. Eins og við sáum í kafla 3.2 var einhljóðaframburðurinn á ö-ng/nk mun algengari en á a-ng/nk, þó svo að einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk sé mun þekktari og fólk taki meira eftir honum. Vitund um framburðareinkenni og útbreiðsla þarf því ekki að fara saman.

Þóra Björk kannaði viðhorfslýsingar 30 einstaklinga frá Vestfjörðum úr RÍN. Af þessum 30 einstaklingum höfðu átta neikvæð viðhorf til framburðarins, 16 jákvæð en fjórir voru hlutlausir. Hlutfall kynja var þannig að 16 karlar og 14 konur svöruðu. Greinilegt var að mikill munur var á kynjum hvort þau litu framburðinn jákvæðum augum eða ekki. 13 karlar af 16 höfðu jákvæð viðhorf til framburðarins en aðeins fimm konur af 14 sögðust hafa jákvæð viðhorf. Þeir karlar sem höfðu jákvæð viðhorf til framburðarins notuðu einhljóðaframburðinn í meira mæli en þeir sem höfðu neikvæð viðhorf. Hins vegar var ekki munur hjá konunum hvað þetta varðar. Engu máli skipti hvort konurnar höfðu jákvæð eða neikvæð viðhorf til framburðarins. Því voru konurnar sem höfðu jákvæð viðhorf ekkert líklegri til þess að nota framburðinn meira en þær sem höfðu neikvæð viðhorf.

Ályktanir sem draga mætti af þessari athugun Þóru er sú að þeir sem hafi jákvæð viðhorf til heimahéraðsins og þess máls sem er sérkennandi fyrir þá noti framburðinn til að sýna hvaðan þeir koma. Karlar geri það þá í meira mæli en konur. Ummæli margra karla staðfesti þetta. Einn segir t.d. að hann forðist að „segja of mikið á“ af því að þá sé hann farinn að tala eins og fólk fyrir sunnan og þeir séu nú alls ekki til að líkja eftir. Þá nefnir annar að einhljóðaframburðurinn sé orðinn viss tákni sem megi ekki glatast (Þóra Björk Hjartardóttir, 1997, bls. 74-75).

Þóra Björk komst að því í athugun sinni að karlar höfðu almennt jákvæðari viðhorf til framburðarins en konur og þeir karlar sem höfðu jákvæð viðhorf voru líklegri til þess að nota framburðinn í ríkari mæli. Grunnurinn að rannsókn minni var því lagður en ég

vildi fara lengra með þetta og athuga þetta nánar. Ef konur vilja frekar tala það mál sem nýtur meiri virðingar og er ríkjandi á því svæði sem þær búa ættu þær síður að nota framburðinn ef þær eru meðvitaðar um að verið sé að rannsaka þær. Karlarnir ættu því að vera líklegri til þess að nota framburðinn meira í lestri en konur, þar sem þeir hafi almennt jákvæðari viðhorf til framburðarins og geti ýkt framburðinn í lestri. Rannsóknin sem ég framkvæmdi er efni næsta kafla.

## 6 Rannsóknin

### 6.1 Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknina. Fjallað verður um framkvæmd hennar og hvort niðurstöðurnar staðfesti rannsóknartilgátuna, þ.e. að karlar ýki framburð sinn meira í lestri en konur. Eins og áður hefur komið fram voru bæði notuð gögn úr Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN) og Rannsókn á málbreytingum í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN). Á tölvu voru gögnin úr RAUN mun ítarlegri en úr RÍN. Það er vegna þess að í RAUN voru niðurstöðurnar flokkaðar niður eftir aðferðum. Meðaleinkunnir úr *Mola litla*, *Bjarna blaðasala* og mállýskumyndunum voru hafðar hverjar í sínu lagi og því var hægt að skoða muninn þar á milli (sjá mynd 11). Í RÍN var ekki hægt að finna meðaltöl málhafanna úr *Bjarna blaðasala*, *Mola litla* og mállýskumyndunum úr þeim skráum sem ég fékk. Meðaleinkunnirnar voru allar hafðar saman og því var ekki hægt að skoða meðaleinkunnir úr t.d. *Mola litla* einum og sér í þeim skráum sem ég fékk. Hins vegar eru upphaflegu gagnablöðin geymd í möppu og því hægt að vinna upp úr þeim.

Til þess að skoða muninn á lestraráðferðinni og samtalsáðferðinni þá voru gögn skráð inn í forritið SPSS. Málhafarnir komu úr Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu og voru þeir 188 talsins, 96 karlar og 92 konur. Hins vegar voru sex karlar og átta konur sem ekki lásu *Mola litla* og þar sem rannsóknin fjallar um muninn á milli annars vegar mállýskumyndanna og *Mola litla* hins vegar var ákveðið að hafa þessa 14 einstaklinga ekki með í rannsókninni. Þátttakendurnir voru 174 sem bæði lásu og töluðu um mállýskumyndirnar. Ákveðið var að sleppa að skrá inn einkunnir úr *Bjarna blaðasala* þar sem of fá orð voru í honum þar sem vestfirskur einhljóðaframburður gat komið fyrir. Megináherslan var því á *Mola litla* og mállýskumyndirnar.

Alls voru könnuð 13 orð í *Mola litla*, fjögur orð sem innihéldu a-ng/nk, þrjú orð sem innihéldu ö-ng/nk og sex sem innihéldu e-ng/nk.<sup>18</sup> Í mállýskumyndunum voru orðin alls tíu. Fimm innihéldu a-ng/nk, fjögur ö-ng/nk og eitt e-ng/nk. Í einhverjum tilvikum mislas málhafinn orðið, las t.d. *Köggull* fyrir *Köngul* og því var það ekki tekið með.<sup>19</sup> Eins ef viðkomandi sagði ekki orðið sem rannsakendur „vildu“ að hann myndi segja í mállýskumyndunum, t.d. var mynd af bangsa og málhafinn sagði alltaf *björn* en ekki

---


<sup>18</sup> Orðin sem komur fyrir voru: *Köngull* (kom þrisvar fyrir), *enginn*, *langur*, *engan*, *langsóttá*, *Englendinga*, *fanga*, *Feng*, *Deng*, *engar* og *langar*.

<sup>19</sup> *Köngull* er skrifað með stórum staf, enda er um sérnafn að ræða.

*bangsi* og því var ekki alltaf hægt að kanna vestfirskan einhljóðaframburð. Ef þetta gerðist fengu málhafarnir einkunnina 0 og hafði þessi einkunn ekki áhrif á meðaleinkunnina, aðeins fækkaði orðum hjá viðkomandi.<sup>20</sup> Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar í næstu undirköflum.

## 6.2 Er munur á notkun einhljóðaframburðarins í *Mola litla* og mállýskumyndunum?

Í þessum undirkafla verður kannaður munur á notkun einhljóðaframburðarsins eftir því hvaða aðferð er beitt. Ávallt eru framburðareinkennin höfð hver í sínu lagi, framburðurinn á a-ng/nk er hafður sér o.s.frv. Á mynd 12 má sjá niðurstöður úr mállýskumyndunum og *Mola litla*.



Mynd 12: Er munur á vestfirskum einhljóðaframburði í mállýskumyndum og *Mola litla*?

Eins og sést á mynd 12 er greinilegt að munur er á aðferðum hvað varðar einhljóðaframburðinn á a-ng/nk og e-ng/nk, talsvert meiri notkun er á honum í *Mola litla* en í mállýskumyndunum. Hins vegar er einhljóðaframburðurinn á ö-ng/nk hærri í mállýskumyndunum en í *Mola litla*.<sup>21</sup>

Til þess að vita hvort munurinn sé marktækur eða ekki er notað svokallað kí-kvaðrat. Notast var við 2x2 töflu en þá eru fjórar breytur notaðar, X1, X2, Y1 og Y2. Ef við byrjum á framburðinum á a-ng/nk og athugum hvort munurinn á aðferðum sé tölfræðilega marktækur, getum við látið X1 standa fyrir mállýskumyndir, X2 standa fyrir *Mola litla*, Y1 táknar vestfirskan einhljóðaframburð og Y2 táknar tvíhljóðaframburð. Allir 174 þátttakendurnir eru svo flokkaðir í Y1 og Y2. Einkunn hvers og eins fer í báðar

<sup>20</sup> 0 þýðir að orðið er ekki tekið með, og það hefur engin áhrif á heildarniðurstöður.

<sup>21</sup> Ástæðan fyrir því að meðaleinkunnir í mállýskumyndunum eru hærri en í *Mola litla* á ö-ng/nk er t.d. orðið *pönk*. En í 66,4% tilvika var það orð lesið með einhljóðaframburði og skar það sig alveg frá öðrum orðum með ö-ng/nk. Ef það orð er tekið út er meðaleinkunn framburðarins á ö-ng/nk í mállýskumyndum 145,79 og er það nánast það sama og í *Mola litla* (144,99).

breyturnar. Einkunn á einhljóðaframburði myndi fara í Y1 en einkunn á tvíhljóðaframburði myndi fara í Y2. Segjum sem svo að einn þátttakandi hafi haft meðaleinkunnina 120 í mállýskumyndum. Þá myndi 0,2 fara inn í Y1 þar sem Y1 stæði fyrir vestfirskan einhljóðaframburð en 0,8 færi í Y2 sem stæði fyrir tvíhljóðaframburð. Af fimm orðum sem hann nefndi í mállýskumyndum hafði hann einhljóð á einu orði. Sama aðferð var notuð í *Mola litla*, ef þátttakandi hafði alltaf einhljóð á a-ng/nk fékk hann einkunnina 200 og því myndi 1 fara í Y1 og 0 í Y2, þar sem hann hafði aldrei tvíhljóðaframburð. Allir þátttakendurnir voru reiknaðir á þennan hátt og svo voru tölur þeirra lagðar saman og þannig fundið út hvort um marktækan mun væri að ræða. Eins og sést í *töflu 4* er dreifingin í mállýskumyndunum 25 og 149. Það er samtals 174, en það þýðir samt ekki að 25 þátttakendur hafi haft einhljóðaframburð og 149 tvíhljóðaframburð. Mun fleiri þátttakendur eru á bak við töluna 25, því meðaleinkunnir hvers og eins fóru í hvora breyту fyrir sig.

Til þess að athuga hvort munurinn sem kemur hér fram í *Mola litla* og mállýskumyndum stafi ekki af hreinni tilviljun þarf að framkalla kí-kvaðratpróf. Það reiknar út kí í öðru veldi sem er svo varpað yfir í p-gildi.<sup>22</sup> Í *töflu 4* má sjá hver framburðareinkenni fyrir sig og hvort munurinn milli mállýskumyndanna og *Mola litla* sé marktækur eða stafi af hreinni tilviljun.

	[a]	[au]	[œ]	[œi]	[ε]	[ei]
Mállýskumyndir	25 (14%)	149 (86%)	81 (47%)	93 (53%)	2 (1%)	172 (99%)
<i>Moli litli</i>	49 (28%)	125 (72%)	79 (45%)	95 (55%)	25 (14%)	149 (86%)
p-gildi	0,002		0,830		0,000	

Tafla 4: Er marktækur munur á notkun framburðarins í mállýskumyndum og *Mola litla*?

Eins og sést á *töflu 4* er greinilegt að um tölfræðilegan marktækan mun er á einhljóðaframburði á a-ng/nk og e-ng/nk. P-gildin eru mun lægri en 0,05. Muninum sem kemur fram á breytunni e-ng/nk í mállýskumyndum og *Mola litla* verður þó að taka með varúð.


<sup>22</sup> P-gildið segir okkur til um hvort niðurstöður sem fengnar eru stafa af hreinni tilviljun eða ekki. Ef p-gildið er 0,05 eða minna þá eru 5% líkur eða minni að munurinn stafi af tilviljun. Yfirleitt miða félagslegar rannsóknir við 5% líkur, þ.e. að p-gildið verði að vera 0,05 eða lægra svo að hægt sé að tala um marktækan mun eða ekki (Fielding og Gilbert, 2006, bls. 275).

Aðeins eitt orð í mállýskumyndum var með hljóðasambandið e-ng (orðið *englar*). Í *Mola litla* aftur á móti voru alls sex orð með þessu sama hljóðasambandi. Það voru t.d. orð sem voru nöfn á kínverskum körlum eins og *Feng* og *Deng*. Þessi tvö orð skáru sig algjörlega frá hinum orðunum með e-ng/nk. Meðaleinkunnir þessara tveggja orða voru 138,49 en aftur á móti voru meðaleinkunnir hinna orðanna 103,61. Það er því augljóst að þessi tvö orð skekkja einhljóðaframburðinn á e-ng/nk talsvert. Ef þessi tvö orð eru tekin út er ekki lengur marktækur munur á milli mállýskumyndanna og *Mola litla* og því var ákveðið að rannsaka ekki nánar einhljóðaframburðinn á e-ng/nk. Þar sem munurinn á einhljóðaframburði á ö-ng/nk var einnig ekki marktækur var ákveðið að fjalla ekki nánar um það hér.

Eftir stendur þá einhljóðaframburðurinn á a-ng/nk sem kannaður verður nánar og þá hvort munur sé á kynjum og einnig hvort aldur einstaklinga skipti máli. Við byrjum á að skoða hvort munur sé á kynjunum.

### 6.3 Skiptir kyn máli?

Í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu var kynjahlutfallið mjög jafnt í RÍN. 90 karlar og 84 konur lásu bæði *Mola litla* og töluðu um mállýskumyndirnar. Á mynd 13 sjáum við meðaleinkunnir kynjanna í *Mola litla* og í mállýskumyndunum.



Mynd 13: Er munur á kynjunum í mállýskumyndum og *Mola litla* á a-ng/nk?

Hér sést að bæði kynin eru með hærri meðaleinkunnir í *Mola litla* en í mállýskumyndunum. Þá er að kanna hvort sá munur sé marktækur (sjá töflu 5). Það er gert með sömu aðferð og notuð var í töflu 4.

a-ng/nk	Karlar		Konur	
	[a]	[au]	[a]	[au]
Mállýskumyndir	13 (14%)	77 (86%)	12 (14%)	72 (86%)
<i>Moli litli</i>	30 (33%)	60 (67%)	19 (23%)	65 (77%)
p-gildi	0,003		0,164	

Tafla 5: Er marktækur munur á notkun a-ng/nk framburði í mállýskumyndum og í Mola litla hjá körlum annars vegar og konum hins vegar?

Munurinn á mállýskumyndunum og *Mola litla* er marktækur hjá körlunum (p-gildið er lægra en 0,05) eins og sjá má í *töflu 5* en hann er það ekki hjá konunum (þar er p-gildið 0,164). Karlar nota greinilega einhljóðaframburðinn á a-ng/nk meira en konur þegar þeir lesa.

Eins og sást á *mynd 13* voru einkunnir í mállýskumyndunum hjá kynjunum mjög jafnar, og því var alls ekki marktækur munur á þeim (sjá *töflu 6*). Þó svo að munur hafi verið á kynjunum í *Mola litla* þá er sá munur ekki marktækur og ekki er hægt að hafna núlltilgátunni en með því að hafna henni þá er hægt að segja að munurinn stafi ekki af hreinni tilviljun (p-gildið er 0,116). Hins vegar getur þetta þó gefið okkur einhverjar vísbendingar um hvernig sambandið er þarna á milli. Mögulega hefði þurft fleiri þátttakendur til þess að fella núlltilgátuna, en eins og Fielding og Gilbert (2006, bls. 276) segja að því fleiri þátttakendur í kí-kvaðratprófi því meiri líkur eru á að fá fram mun sem telst marktækur.

a-ng/nk	Mállýskumyndir		<i>Moli litli</i>	
	[a]	[au]	[a]	[au]
Karlar	13 (14%)	77 (86%)	30 (33%)	60 (67%)
Konur	12 (14%)	72 (86%)	19 (23%)	65 (77%)
p-gildi	0,976		0,116	


Tafla 6: Er marktækur munur á notkun a-ng/nk framburði hjá kynjunum í annars vegar mállýskumyndunum og hins vegar í Mola litla?

Það er því enginn munur á körlum og konum m.t.t. mállýskumyndanna, því þetta eru sömu prósentuhlutföllin (14% með [a] og 86% með [au]). Mun líklegur er að það sé raunverulegur munur m.t.t. *Mola litla*. Marktækur munur var hjá körlum en ekki konum, samkvæmt *töflu 5*, og getur þetta því gefið okkur góða vísbendingu að kyn skipti máli.

Næsti undirkaflí fjallar um hvort munur á notkun einhljóðaframburðarins á a-ng/nk geti verið til staðar eftir aldri þátttakenda.

## 6.4 Skiptir aldur máli?

Í RÍN var eins og áður hefur komið fram reynt að ná til eins breiðs aldurshóps og hægt var. Þátttakendur voru á öllum aldri, sá elsti sem tók þátt í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu var kona fædd árið 1891 og þeir yngstu fæddir 1975. Þar sem RÍN var framkvæmd á nokkrum árum á Vestfjörðum er nokkuð erfitt að skipta þátttakendum niður í tvo hópa eftir aldri. Hópnum verður þó skipt í eldri og yngri hóp. Þeir sem eru í eldri hópnum eru fæddir 1935 og fyrr en þeir sem fæddir eru 1936 og síðar fara í yngri hópinn. Þeir sem eru í eldri hópnum höfðu því allir náð 45 ára aldri þegar þeir voru kannaðir. Þeir sem eru yngri eru svo á aldrinum 6 til 45 ára.<sup>23</sup> Í yngri hópnum eru 103 málhafar en í eldri hópnum er 71. Á mynd 14 má sjá meðaleinkunnir fyrir yngri þátttakendurna og þá eldri í mállýskumyndunum og *Mola litla*.



Mynd 14: Er munur á aldri í mállýskumyndum og *Mola litla* á a-ng/nk?

Hér sést að báðir aldurshóparnir eru með meiri einhljóðaframburð á a-ng/nk í *Mola litla* en í mállýskumyndunum. Það að munurinn á mállýskumyndunum sé svona lítill er mjög athyglisvert ef bornar eru saman niðurstöður úr kafla 3.2. Þar sást að vestfirskur einhljóðaframburður var mun minni hjá þeim yngri en hjá þeim eldri. Þessi munur er þá ekki í mállýskumyndum, heldur kemur munurinn fram í lestri. Þá er athugað hvort sá munur sé marktækur, sjá töflu 7.

<sup>23</sup> Þó geta nokkrir í yngri hópnum verið 45 ára eða eldri því ég miðaði við árið 1936. Rannsóknin var framkvæmd á árunum 1981-1983 og því gætu einhverjir sem talað var við árið 1983 átt heima í eldri hópnum. Ekki var þó reynt að kanna það nánar og því ákveðið að þeir sem fæddir voru 1936 og síðar væru hafðir með þeim yngri.



a-ng/nk	Yngri		Eldri	
	[a]	[au]	[a]	[au]
Mállýskumyndir	15 (15%)	88 (85%)	10 (14%)	61 (86%)
<i>Moli litli</i>	23 (22%)	80 (78%)	26 (37%)	45 (63%)
p-gildi	0,151		0,002	

Tafla 7: Er marktækur munur á notkun a-ng/nk framburðarins eftir aldri?


Í töflu 7 er að finna athyglisverðan mun. Eldri einstaklingar nota einhljóðaframburðinn á a-ng/nk í *Mola litla* miklu meira mæli en í mállýskumyndunum og er það tölfræðilega marktækt (p-gildið 0,002). Hins vegar er ekki það sama að segja um hina yngri. Framburðurinn kemur meira fyrir í *Mola litla* en í mállýskumyndunum en munurinn er ekki jafn mikill og hjá þeim eldri og er heldur ekki marktækur (p-gildið er 0,151).

Eins og sást á mynd 14 var ekki mikill munur á notkun framburðarins í mállýskumyndum. Báðir hóparnir, eldri og yngri, fengu einkunnirnar um 114. Í *Mola litla* voru þeir sem eldri eru mun líklegri til þess að hafa einhljóð en þeir yngri og munurinn og sá munur er marktækur eins og sést á töflu 8.

a-ng/nk	Mállýskumyndir		<i>Moli litli</i>	
	[a]	[au]	[a]	[au]
Yngri	15 (15%)	88 (85%)	23 (22%)	80 (78%)
Eldri	10 (14%)	61 (86%)	26 (37%)	45 (63%)
p-gildi	0,930		0,039	

Tafla 8: Er marktækur munur á notkun a-ng/nk framburði eftir aldri í annars vegar mállýskumyndunum og hins vegar í *Mola litla*?

Þessi munur gerði það að verkum að ákveðið var að skipta hópnum enn frekar niður. Þátttakendum var þá skipt í fjóra hópa: eldri karlar, eldri konur, yngri karlar og yngri konur. Í hópi eldri karla eru 45, í hópi eldri kvenna eru 26, þá eru yngri karlarnir 45 og loks yngri konurnar 58. Mynd 15 sýnir mun hjá þessum fjórum hópum í *Mola litla* og í mállýskumyndum.



Mynd 15: Er munur á hópunum fjórum í mállýskumyndum og Mola litla á a-ng/nk?

Hér sést að yngri konurnar skera sig alveg frá hinum hópunum þremur. Munurinn hjá þeim er nánast enginn í mállýskumyndunum og *Mola litla*. Hjá öllum hinum þremur hópunum má sjá nokkurn mun í mállýskumyndunum og *Mola litla*. Munurinn er stundum marktækur eins og sjá má á töflu 9.

a-ng/nk	Yngri karlar		Yngri konur		Eldri karlar		Eldri konur	
Mállýskumyndir	6 (13%)	39 (87%)	9 (16%)	49 (84%)	7 (16%)	38 (84%)	3 (12%)	23 (88%)
<i>Moli litli</i>	13 (29%)	32 (71%)	10 (17%)	48 (83%)	17 (38%)	28 (62%)	9 (35%)	17 (65%)
p-gildi	0,071		0,802		0,017		0,048	

Tafla 9: Er marktækur munur á a-ng/nk framburði eftir kynjum og aldri?

Eins og við var að búast er munurinn hjá yngri konunum alls ekki marktækur. Hjá hinum hópunum er hann marktækur eða mjög nálægt því að vera það. Hér þarf þá að hafa í huga að á bak við hvern hóp eru ekki margir málhafar, því eru meiri líkur að munurinn geti stafað af tilviljun eftir því sem færri eru á bak við hvern hóp.

Þá er nóg komið af tölum, nú skulum við taka saman það sem við höfum komist að eftir þessa rannsókn.

## 6.5 Samantekt

Þegar niðurstöður úr mállýskumyndunum og *Mola litla* eru skoðaðar sést að munur er á meðaleinkunnum málhafa eftir því hvaða aðferð er notuð. Vestfirskur einhljóðaframburður á a-ng/nk er meira notaður í lestri en í tali, en þessi munur er ekki eins m.t.t. einhljóðaframburðarins á ö-ng/nk, þar kemur hann svipað fram í lestri og tali.

Þegar kynin eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að karlar nota einhljóðaframburðinn á a-ng/nk í mun meira mæli í lestri en í tali, konur nota hann einnig meira í lestri en í tali en munurinn er ekki eins mikill og hjá körlunum. Sú niðurstaða er í góðu samræmi við það sem Þóra Björk komst að í sinni athugun. Þar litu karlar almennt jákvæðari augum á framburðinn en konur og notuðu því framburðinn í meira mæli. Niðurstöður samræmist einnig lögmáli Labovs Ia, en þar sem málbreyting að ofan á sér stað eru konur líklegri til þess að hverfa frá dreifbýlisframburði og taka upp mál sem nýtur meiri virðingar. Ef þær eru meðvitaðar um að verið sé að kanna framburð þeirra, eins og lestraraðferðin gefur í einhverjum skilningi til kynna, ættu þær ekki að ýkja framburð sinn í lestri. Aftur á móti ættu karlar að geta ýkt framburð sinn í lestri þar sem þeir hafa jákvæðari viðhorf til framburðarins og niðurstöður rannsóknarinnar sannar það.

Hins vegar skiptir aldur einstaklinga einnig miklu máli á notkun einhljóðaframburðarins á a-ng/nk. Eldri hópurinn notaði framburðinn mun meira en yngri hópurinn í lestri, en ekki var munur á finna á þessum sömu hópum í tali. Þeir sem líklegastir eru að nota framburðinn meira í lestri en í tali eru eldri karlar, yngri konur eru lang ólíklegastar til þess nota framburðinn meira í lestri en í tali.

Nú þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir er vert að svara rannsóknarspurningunum sem komu fram í inngangi. Þeim verður svarað í lokaorðum í næsta kafla og rannsóknin tekin saman.

## 7 Lokaorð

Í þessari ritgerð var fjallað um vestfirskan einhljóðaframburð og hvernig notkun hans birtist í mismunandi rannsóknaraðferðum. Rannsóknarspurningum sem settar voru í inngangi verður hér svarað hverri fyrir sig.

- Er munur á vestfirskum einhljóðaframburði í lestri og í tali?

Á heildina litið er munur á notkun vestfirska einhljóðaframburðarins í lestri og í tali á framburðinum a-ng/nk. Hins vegar er þennan mun ekki að finna í einhljóðaframburðinum á ö-ng/nk eins og sést á mynd 12. Allir hópar sýndu að þeir höfðu hærra meðaleinkunnir á a-ng/nk í lestri en í tali, sem sýnir okkur það að einstaklingar geti ýkt framburð sinn þegar þeir lesa, hins vegar eru ákveðnir hópar líklegri til þess en aðrir.

- Eru karlar líklegri en konur að nota framburðinn meira í lestri en í tali, eða eru einhverjar aðrar breytur sem skipta máli?

Á framburðinum á a-ng/nk kom í ljós að karlar voru mun líklegri til þess að ýkja framburð sinn í lestri en konur eins og sást á mynd 13. Þegar horft var til annarra breyta eins og til aldurs voru þeir sem eldri voru mun líklegri en þeir yngri til þess að ýkja framburð sinn í lestri eins og sást á mynd 14. Þeir sem líklegastir voru til þess að ýkja framburðinn í lestri voru eldri karlar og voru þá yngri konurnar ólíklegasti hópurinn til að gera það sama eins og sást á mynd 15.

- Hvernig eru viðhorfin til vestfirskis einhljóðaframburðar?

Nokkuð var fjallað um viðhorf til vestfirskis framburðar. Því var haldið fram að viðhorf til framburðarins hafi breyst í áranna rás. Á tímum Björns Guðfinnssonar hafi frekar verið litið niður á framburðinn en með tímunum hafi samfélagið breyst og nú á dögum líti menn fremur jákvæðum augum á framburðinn, samanber það sem Heimir Már Pétursson ræddi við mig. Þegar hann byrjaði að lesa fréttir í kringum 1990 var honum sagt að leggja framburðinn niður. Eftir því sem árin liðu hætti Heimir að taka mark á því og tók viljandi framburðinn upp aftur. Nú tekur fólk meira eftir Heimi og er það ekki síður vegna framburðarins sérkennilega.

Nú hefur þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í upphafi verið svarað. Í þessari ritgerð var áhersla lög á vestfirskan einhljóðaframburð og stöðu hans í mismunandi rannsóknaraðferðum. Áhugavert væri að skoða hvernig staða annarra framburðar-einkenna sé og hvort mismunandi aðferðir kalli á mismunandi framburð. Einnig væri

hægt að skoða fleiri rannsóknaraðferðir en skoðaðar voru í þessari ritgerð, og bera saman framburð milli þeirra.

## Heimildaskrá

- Björn Guðfinnsson. (1946). *Mállýzkur I*. Ísafoldarprentsmiðja hf.: Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. (1947). *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. (1964). *Mállýzkur II*. Studia Islandica 23. Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs: Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2013). *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. (óútgefið).
- Fielding, J. og Gilbert, N. (2006). *Understanding social statistics* (2. útgáfa). London: Sage Publications.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. (1984). Tölfræðileg málvísindi (eða málfræðileg tölvísindi). *Íslenskt mál* 6, 177-181.
- Helgi Guðmundsson. (1977). Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar. Í Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson (ritstjórar). *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni I* (bls. 314-325). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Hreinn Benediktsson. (1961–1962). Icelandic Dialectology: Methods and Results. *Íslensk tunga – Lingua Islandica*, 3, 72-113.
- Höskuldur Þráinsson. (2011). Glærur úr fyrirlestri á Hugvísindapíngi 25. mars 2011. Háskóli Íslands. Sótt af <http://www.malvis.hi.is/sites/default/files/MalbreytSyndartim.pdf>
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1992). Phonological Variation in 20th Century Icelandic. *Íslenskt mál*, 14, 89-128.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (2001). Íslenskar mállýskur. Sótt af <https://mallyskur.is/yfirlitsgrein>
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (án árs.) RÍN. Rannsókn á íslensku nútímamáli. Niðurstöður. [Fjölrituð skýrsla sem Árni Kristjánsson tók saman.] Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. (2013). Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál*, 35, 47-117.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. (2000). *Handbók um íslenskan framburð*. (2. útgáfa). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands: Reykjavík.

- Ingólfur Pálmason. (1983). Athugun á framburði nokkurra Örfæinga, Suðursveitunga og Hornfirðinga. *Íslenskt mál*, 5, 29-52.
- Kristján Árnason. (2005). *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga I. Almenna bókafélagið: Reykjavík.
- Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson. (2003). Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske områder. Í Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy (ritstjórar): *Nordisk Dialektologi* (bls. 151-196). Novus: Ósló.
- Kristján Friðbjörnsson. (2012). Loksins lokhljóðun á undan s. Ks-framburður í Reykjavík 2012. B.A.-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Labov, W. (1990). The intersection of sex and social class in the course of linguistic change. *Language Variation and Change*. (2. útgáfa) (bls. 205-254). University of Pennsylvania Press: Philadelphia.
- Labov, W. (2006). *The Social Stratification of English in New York City*. (2. útgáfa). Cambridge University Press: Cambridge.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2016). Viðhorf til framburðar. Skýrsla um rannsókn, drög 2016. (óútgefið).
- Margrét Lára Höskuldsdóttir. (2012). Ertu nokkuð búin(n) að [t<sup>h</sup>a:p<sup>h</sup>a] þér? Framburður Norðlendinga á Norðausturlandi og í Reykjavík á árunum 1940–2011. B.A.-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Margrét Lára Höskuldsdóttir. (2013). Breytingar á norðlenskum framburði 1940-2011 og áhrif búferlaflutninga. *Íslenskt mál* 35, 129-152.
- Wardhaugh, R. (2006). *An Introduction to Sociolinguistics*. (5. útgáfa). Blackwell Publishing: Oxford.
- Þóra Björk Hjartardóttir. (1997). Framburður, viðhorf og kynferði. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar): *Íslenskar kvennarannsóknir* (bls. 67-77). Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í kvennafræðum: Reykjavík.

## Viðauki

Textar sem voru notaðir í RÍN og RAUN.

### **Bjarni Blaðasali**

Það var miðvikudagsmorgunn og Bjarni litli Guðmundsson var að selja blöð niðri í miðbæ. Þetta var að haustlagi, þokukúfur á Esjunni og hálfgerð neþja. Ásmundur vinur Bjarna hafði ekki orðið samferða honum eins og venjulega vegna þess að hann hafði dottið á hjólinu sínu og meitt sig eitthvað. Bjarni selur Dagblaðið og Vísi, en Ásmundur ber út Morgunblaðið og Alþýðublaðið. Ásmundur selur oft afganginn niðri í Austurstræti um leið og Bjarni selur hin blöðin. „Íslendingar hefna sín á Austur-Þjóðverjum í landsleik í knattspyrnu,“ æpti Bjarni. „Viltu kaupa Dagblaðið eða Vísi?“ sagði hann við Grímsa gamla efnisvörð og húsvörð í prentsmiðjunni, sem gekk fyrir hornið. En Grímsi er ómögulegur og vill hvorugt blaðið kaupa. „Keflvíkingar komnir í aðra umferð í heimsmeistarakeppninni“ orgar Bjarni þá og hækkar róminn, svo að virðulegur borgari með stresstösku hrekkur við og öskrar: „Hvaða hrikaleg læti eru þetta?“ Bjarni var fljótur að forða sér og hljóp inn í skotið bakvið apótekið. Þarna stóð hann titrandi dálitla stund og reyndi að jafna sig eftir skelkinn sem hann hafði fengið þegar kallinn hastaði á hann.

### **Moli litli**

Margir þekkja sögurnar um Mola litla og Jóa vin hans. Moli er lítill fluguþrákur en Jóa er stór og þungur járnsmiður. Helsti óvinur þeirra er Köngull kónguló. Hann er mesti bragðarefur og ekki sérlega búngóður. Einu sinni gátu þeir félagar þó leikið á hann. Þeir grófu holu, lögðu puntstrá yfir og settu svo eitthvert drasl ofan á þau, svo að enginn gat séð að þarna væri hola. Það var líka ekki langur tími liðinn þegar Köngull datt niður í hana og varð svo reiður að hann náði ekki upp í nefið á sér (– ég veit nú reyndar ekki hvort kóngulær ná nokkurn tíma upp í það).

Ég þekki engan sem hefur reynt að lesa einhverja langsóttu speki út úr þessum sögum, en með því að skyggjast dýpra ofan í þær væri kannski hægt að lesa eitthvað út úr þeim. Hefðu þær verið skrifaðar fyrr, hefðu einhverjir fræðingar kannski sagt að Moli ætti að vera persónugervingur Íslendinga, Köngull Þjóðverja og Jóa Englendinga. Aðrir kynnu að leita fanga annars staðar og stinga upp á skörungum á borð við Nixon, Stalín



eða þá einhverjum af þessum kínversku körlum með skrytnu nöfnin eins og Maó Tse Tung, Húa Kúó Feng, Deng Ping, King Kong eða hvað þeir heita nú allir. Og þegar fræðingarnir taka upp á þessu, eru engar líkur til að þeir verði hafðir ofan af því. Mig langar að minnsta kosti ekki til að þræta við þá. Ég er ekki vongóður um að það bæri árangur. Það getur nefnilega verið þrautin þyngri að fá þá til að hlusta. Þeir eru sumir hverjir ekkert upp á það komnir og láta sko ekki vaða ofan í sig.

### **Árni í Vogu**

Á ofanverðri sautjándu öld bjó sá maður að Vogu á Mýrum, er Árni hét Sturluson. Hann var forn í skapi en karlmenni hið mesta og fullhugi. Var hann hniginn að aldri er saga þessi gerist. Kerlingu sína hafði Árni misst fyrir eigi allöngu og bjó hann við ráðskonu, er þótti í meira lagi glysgjörn og eyðslusöm. Var það hald sumra að Árni legðist á hugi við konu þessa. Þetta líkaði börnum hans miður vel og höfðu þau mjög horn í síðu bústýru. Töldu þau hana standa í vegi fyrir því að faðir þeirra brygði búi, en hér komu lögin þeim að engu haldi.

Daginn fyrir Þorláksmessu bjóst karl til ferðar. Skipaði hann svo fyrir að dag hvern skyldi reka kýrnar að tjörn einni undir hvolnum bak við bæinn og brynna þeim úti, hvernig sem stæði á veðri. Heimafólk skyldi ekki vera á ferli að næturlagi og eigi láta sér bilt við verða, þó að traðk nokkurt og undirgangur heyrðist skammt frá bænum. Útidyrnar skyldu og harðlæstar vera; mundi þá enginn bagi af hljóttast.

„Og hygg ég fá ráð dugi, ef þetta kemur ekki að haldi.“